

Skýrsla

mennta- og menningarmálaráðherra um stafræna endurgerð íslensks prentmáls vegna þingsályktunar nr. 20/148.

Alþingi samþykkti 6. júní 2018 þingsályktun um „...að fela mennta- og menningarmálaráðherra að skipa starfshóp sem geri kostnaðar- og tímaáætlun um stafræna endurgerð íslensks prentmáls sem verði aðgengileg til lestrar á nettengdum búnaði og kanni möguleika þess að ná samningum við höfundaréttarhafa um slík afnot stafrænnar endurgerðar ritverka. ...“

Ráðherra skipaði starfshóp í september 2018 sem var falið það verkefni að gera tillögur til ráðherra á grundvelli þingsályktunar.

Niðurstöður og tillögur starfhópsins voru eftirfarandi (allar kostnaðartölur eru miðaðar við nóvember 2018):

1) Að miða skuli áætlun um stafræna endurgerð íslensks prentmáls við bækur á íslensku, bæði frumsamdar og þýddar, sem skráðar eru í bókasafnskerfið Gegni. Fjöldi skráðra rita frá 1850 til 2015 er rúmlega 88 þúsund, og miðað við ætlaðan meðalfjölda blaðsíðna bóka væri heildarfjöldi blaðsíðna á þessu tímabili rúmlega 9,3 milljónir.

2) Að mesta hagkvæmni við vinnsluna náist með að kaupa þrjár myndavélar til myndunar bóka, og að verkefnið verði unnið í þremur vinnslustöðvum samtímis á tveimur stöðum, þ.e. hjá Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni (2 vinnslustöðvar) og Amtsbókasafninu á Akureyri (1 vinnslustöð). Stofnkostnaður (miðað við gefnar forsendur) væri rúmlega 46,2 m.kr.

3) Að miðað við framangreindan fjölda vinnslustöðva verði þörf á 10 ársstörfum hver ár við framkvæmd verkefnisins, og árlegur launakostnaður yrði um 84,7 m.kr.

4) Að miðað við ofangreint verklag yrði árlegur kostnaður við almenna varðveislu, viðhald og rekstur gagna á vinnslutíma og til framtíðar um 8,5 m.kr.

5) Að skipa þurfi starfshóp með aðkomu víðeigandi hagsmunaaðila sem hefði það hlutverk að koma með tillögu að samningi um not bóka sem eru enn í höfundarétti og veita ætti aðgang að með stafrænni endurgerð. Í tillögu að samningi yrði nákvæmlega tilgreint við hvaða verk væri miðað, frá hvaða tímabili, hvaða not yrðu heimiluð og hvar, og loks gerð tillaga að sanngjörnu endurgjaldi til rétthafa fyrir slík not.

6) Að miðað við svipaða samninga og gerðir hafa verið í Noregi um greiðslur til samtaka höfundaréttarhafa um stafræna endurgerð prentaðra bóka á norsku og að um 70% af þeim bókum sem yrðu færðar í stafrænt form væru enn í höfundarétti mundu árlegar greiðslur þegar vinnslunni yrði lokið nema um 31,3 – 35,6 m.kr.

7) Að miða skuli við að hin stafræna endurgerð verði aðgengileg til lestrar á nettengdum búnaði, og að aðgengi að ritum í höfundarétti verði takmarkað við notendur sem tengjast efninu í gegnum íslenskar netveitur, þ.e. hafa svonefndar íslenskar IP-tölur. Efni sem er úr höfundarétti verði öllum opið.

Starfshópurinn leggur til að hin stafræna endurgerð verði unnin á sex árum, með þremur vinnslustöðvum á tveimur stöðum á landinu. Miðað við að áætlaðar greiðslur vegna afnota af

höfundarétti aukist jafnt yfir vinnslutímamann gæti kostnaður við framkvæmd verkefnisins orðið um 687 m.kr. og árlegur rekstrarkostnaður síðan rúmlega 41 m.kr.

Í ofangreindri tillögu starfshópsins hefur ekki verið metinn kostnaður við tæknilausnir til að tryggja aðgengi fyrir prentleturshamlaða einstaklinga, nýtingu textanna til rannsókna o.fl., þ.e. kostnaður umfram kostnað við beina stafræna endurgerð og mögulegar greiðslur til réttihafa. Greining á hver slíkur kostnaður kann að verða kann því að hækka mat á heildarkostnaði við framkvæmd verkefnisins.

Ráðherra áréttar að þetta verkefni um stafræna endurgerð íslensks prentmáls fellur vel að meginmarkmiði stjórnvalda á sviði menningar, sérstaklega um að bæta aðgengi að menningararfinum. Ef það verður að veruleika mun allur almenningur geta lesið þær bækur sem verkefnið tekur til á netinu í opnum aðgangi. Stafræn endurgerð íslensks prentmáls samrýmist einnig vel stefnu stjórnvalda um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi, sbr. þingsályktunartillögu um það efni, sem samþykkt var 7. júní sl.

Stafræn endurgerð íslensks prentmáls er ekki einungis til að auka aðgang almennings að íslenska bókmenntaarfinum og þannig styrkja bókmenningu okkar heldur mun slík stafræn endurgerð nýtast í máltækni- og verkfræðingum sem mál-gagn, en mál-gögn eru undirstaða allrar máltækni. Stafræn endurgerð bókmenntaarfsins getur því orðið undirstaða að nýsköpun og gæti jafnframt verið lyftistöng fyrir aðgengi prentleturshamlaðara að íslenskum bókmenntum með aðstoð máltækni.

Ráðherra ætlar að fylgja eftir ofangreindri tillögu um að hin stafræna endurgerð verði unnin á sex árum, með þremur vinnslustöðvum á tveimur stöðum á landinu. Forsenda þess er þó að samningar náist við réttihafa um not bóka sem enn eru í höfundarétti. Fyrsta skref er því að skipaður verði starfshópur með aðkomu víðeigandi hagsmunaaðila sem vinna mun að tillögu að samningi um not og veita ætti aðgang að með stafrænni endurgerð innan þess ramma sem greint er í skýrslu starfshópsins og gert er nánar grein fyrir í þessari skýrslu ráðherra. Í þeim starfshópi verða a.m.k. fulltrúar réttihafa efnisins, þ.e. höfunda texta og myndefnis í bókum, bókaútgefenda, þeirra stofnanna sem varðveita íslenskt útgæfið efni sem og aðilar sem gæta hagsmuna einstaklinga með prentleturshamlanir og einnig þeirra aðila sem vinna að texta- og gagnanámi til rannsókna og eflingar íslenskrar tungu.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir forsögu málsins, stöðu stafrænnar endurgerðar prentarfs og tillögu og niðurstöður starfshópsins nánar skýrðar.

Inngangur og forsaga

Alþingi samþykkti 6. júní 2018 svohljóðandi þingsályktun (nr. 20/148):

„Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra að skipa starfshóp sem geri kostnaðar- og tímaáætlun um stafræna endurgerð íslensks prentmáls sem verði aðgengileg til lestrar á nettengdum búnaði og kanni möguleika þess að ná samningum við höfundaréttarhafa um slík afnot stafrænnar endurgerðar ritverka. Starfshópurinn geri grein fyrir kostnaði og möguleikum á að ljúka stafrænni endurgerð íslensks prentmáls á a) 5 árum, b) 10 árum og c) 15 árum. Starfshópurinn ljúki störfum í tæka tíð til þess að ráðherra verði unnt að flytja Alþingi skýrslu um málið og kynna niðurstöður hans fyrir 1. desember 2018.“

Í greinargerð sem fylgdi úr hlaði þeirri tillögu til þingsályktunar¹ sem var samþykkt sagði m.a. að markmið hennar væri að stuðla að því að gerð verði rækileg áætlun um stafvæðingu íslensks prentmáls, einkum bóka, sem hefur náð þeim aldri að það er ekki lengur söluvara á markaði og gerð grein fyrir því hvernig hin stafvæddu rit yrðu gerð aðgengileg fyrir

¹ Þingskjal 306 – 219. mál, 148. löggjafarþing 2017-2018, dags. 20. febrúar 2018.

almenning. Með stafvæðingunni yrði stafræn tækni nýtt til að stórauka aðgengi almennings að ritmáli á íslensku og stutt væri við markmið um að efla stöðu íslensks máls í stafrænum heimi.

Í greinargerðinni var bent á að stafræn endurgerð hugverka væri mikilvægur þáttur stafvæðingarinnar sem fer nú fram með miklum hraða á mörgum sviðum samfélagsins. Hin stafræna bylting veldur gagngerum breytingum á varðveislu og miðlun hvers konar menningarefnis, svo miklum að jafna má áhrifum hennar til þess þegar prenttækni þróaðist svo að tekið var að prenta bækur í Evrópu á síðmiðöldum.

Þá var bent á að í menningarstefnu íslenskra stjórnvalda, sem samþykkt var árið 2013, væri stafrænni menningu haldið sérstaklega fram og markmið sett um að „menningararfur þjóðarinnar verði gerður aðgengilegur á sem flestum sviðum á stafrænu formi“.² Tillögur samráðsnefndar um bókaútgáfu sem var að störfum á árinu 2013 bæru þess vott að stafræn endurgerð prentaðs máls og almennur endurgjaldslaus aðgangur að rafríttunum væri bókaútgefendum og höfundum mjög að skapi þar sem lagt er til í skýrslunni að „öllum almenningi verði án endurgjalds veittur aðgangur að prentarfi Íslendinga, sem ekki er á markaði, í gegnum vefgáttina bækur.is. Þetta verði gert mögulegt með sérstökum samningi við höfundarréttarhafa á svipaðan hátt og gert hefur verið í Noregi“.³

Í nefndarálitum allsherjar- og menntamálnefndar⁴ var lögð áhersla á að

- 1) skilgreina þyrfti nánar hlutverk starfshóps skv. ályktunni og ráðuneytinu falið það hlutverk,
- 2) að starfshópur þyrfti að taka mið af sambærilegri vinnu á erlendri grund,
- 3) að skipan starfshóps þyrfti að tryggja aðkomu hagsmunaaðila,
- 4) að gera kostnaðaráætlun sem tæki mið af minnisblaði Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, dags. 8. maí 2014.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti skipaði með bréfi dags. 10. september 2018 sérstakan starfshóp á grundvelli ofangreindrar þingsályktunar, og var hann skipaður með eftirfarandi hætti:

Rán Tryggvadóttir formaður höfundaréttarnefndar, var skipuð formaður starfshópsins, Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir, landsbókavörður, Eiríkur Þorláksson, sérfræðingur í mennta- og menningarmálaráðuneyti, Marta Guðrún Skúladóttir, sérfræðingur í mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Starfshópurinn vann að greiningu verkefnisins og þeim tillögum sem koma fram í skýrslunni á grundvelli þingsályktunarinnar og sameiginlegu nefndarálitum allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, sem vísað er til að framan og skilaði skýrslu sinni 3. desember 2018.

Staða stafrænnar endurgerðar íslensks prentmáls

Í greinargerð sem fylgdi þingsályktun nr. 20/148 segir að markmið hennar væri að stuðla að því að gerð yrði rækileg áætlun um stafvæðingu íslensks prentmáls, einkum bóka, sem hefði náð þeim aldri að það væri ekki lengur söluvara á markaði og gerð grein fyrir því hvernig hin stafvæddu rit yrðu gerð aðgengileg fyrir almenning. Með stafvæðingunni yrði stafræn tækni

² Menningarstefna. Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Reykjavík 2013, bls. 25.

³ Skýrsla samráðsnefndar um framtíð íslenskrar bókaútgáfu. Reykjavík 2014, bls. 4.

⁴ Þingskjal 1061 – 219. mál, 148. löggjafarþing 2017-2018, dags. 31. maí 2018.

nýtt til að stórauka aðgengi almennings að ritmáli á íslensku og stutt væri við markmið um að efla stöðu íslensks máls í stafrænum heimi.

Það er öllum ljóst og kemur m.a. fram í ofangreindri greinargerð að talsvert hefur verið unnið að stafrænni endurgerð íslensks prentmáls nú þegar. Er rétt að gera nokkra grein fyrir stöðu stafrænnar endurgerðar íslensks prentmáls á nokkrum sviðum:

- Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn varðveitir íslenskt útgefið efni. Samtals telja íslenskar útgefna bækur um 87.600 bókatitla (2017) og af þeim eru um 2.600 titlar bækur frá því fyrir 1850. Búið er að færa um 70% bóka sem gefnar voru út fyrir 1850⁵ á stafrænt form, eða um 1.700 bækur, sem nú þegar er hægt að nálgast á vefnum bækur.is.⁶
- Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn varðveitir einnig íslensk dagblöð og tímarit. Búið er að færa um 330.000 eintök (um 260.000 tölublöð dagblaða og um 70.000 tölublöð/hefti tímarita sem hafa verið gefin út á Íslandi á stafrænt form og gera aðgengilegt á vefnum tímarit.is. Vefurinn er stafrænt safn sem veitir aðgang að nær öllum íslenskum blöðum og tímaritum frá upphafi útgáfu og fram til 1920, eða á sjöttu milljón myndaðra blaðsíðna, og unnið hefur verið að því að öll dagblöð til dagsins í dag verði gerð aðgengileg með þessum hætti í gegnum vefinn. Það efni sem er enn háð höfundarétti er gert aðgengilegt með samningum við útgefendur viðkomandi dagblaða og tímarita. Auk fréttafnis hafa blöðin að geyma efni um bókmenntir og listir, sagnfræði, þjóðlíf, menningu, stjórnmál, atvinnuvegi, viðskipti o.m.fl. Það er ljóst að vefurinn hefur nú þegar orðið til þess að bylting hefur orðið í rannsóknaaðferðum og fræðavinnu með öflugri textaleit í miklu magns efni, samhliða því sem almenningur hefur nú aðgang að efni sem áður var aðeins hægt að nálgast á lesstofum viðeigandi bókasafna.

Auk þessa hefur mikið magn af handritum og skjölum af ýmsum gerðum verið gert aðgengilegt á stafrænu formi í gegnum sérstaka vefi sem eru helgaðir viðkomandi efni. Sem dæmi um slíka vefi má nefna

handrit.is sem veitir aðgang að sögulegum handritum sem varðveitt eru í þremur stofnunum, þ.e. á Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Árnasafni í Kaupmannahöfn;

[Íslandskort.is](http://islandskort.is) sem veitir aðgang að Íslandskortum allt frá 16. öld til korta sem gerð voru um miðja 20. öld og varðveitt eru í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni;

skemman.is er safn námsritgerða og rannsóknarrita frá öllum háskólum landsins, en þar er að finna skrár yfir rúmlega 30.000 rit, sem mörg hver eru aðgengileg í stafrænu formi;

opinvisindi.is er safn rannsóknarrita frá öllum háskólum landsins, allt tæplega 800 rit;

⁵ Á fyrri helming 19. aldar er prentsmiðja Magnúsar Stephensen eina starfandi prentsmiðjan í landinu; framan af í Viðey, en síðan var hún flutt til Reykjavíkur um mitt ár 1844 og hét eftir það Landsprentsmiðjan. Eftir 1850 var stofnuð Prentsmiðja Norður- og Austurumdæmisins (1852), og á síðari helming aldarinnar voru síðan stofnaðar fimmtán prentsmiðjur á landinu, langflestar í Reykjavík. Því markar ártalið 1850 ákveðin skil í prentsoögu Íslands.

⁶ Nýjasta útgáfa vefsins var kynnt 1. desember 2018. Þar kemur fram að heildarfjöldi myndaðra titla er 1.668 í 2.106 bindum, með alls 480.071 blaðsíðum. Samkvæmt lýsingu er stefnt að því að þar birtist allar íslenskar bækur útgefna fyrir 1870 í stafrænni endurgerð.

heimildir.is er vefur á vegum Þjóðskjalasafns Íslands sem opnaður var 1. desember 2018. Þar er að finna lista yfir ýmsa vefi safnsins sem geyma stafrænar heimildir sem stöðugt er verið að bæta við, svo sem vefi um fólk (manntalsvef, sóknarmannatöl, prestþjónustubækur, vesturfaraskrár) jarðir (fasteigna- og jarðamat, landamerkjabækur, túnakort), réttarmál (dánarbú, dóma- og þingbækur, skiptabækur) og loks dönsk skjöl sem snert málefni Íslands (afrit skjala úr danska ríkisskjalasafninu 1907-1944).

Af þessari upptalningu – sem er engan veginn tæmandi – er ljóst að þegar er aðgengilegt fjölbreytt úrval af íslensku prentmáli og öðru rituðu efni sem íslenskar menningarstofnanir varðveita, og að framboð af slíku efni er stöðugt að aukast. Notkun er mikil og eykst með hverju ári.

Með framkvæmd þess verkefnis sem hér um ræðir er ljóst að stefnt er að því að framboð slíks efnis mun aukist til muna, þ.e. hvað varðar prentmál, einkum bækur.

Afmörkun verkefnisins

Í þingsályktun nr. 20/148 er viðfangsefnið einungis tilgreint með orðunum „stafræna endurgerð íslensks prentmáls“. Í greinargerð með tillögunni til þingsályktunar var viðfangsefnið tilgreint ögn nánar, þar sem sagði „gerð verði rækileg áætlun um stafvæðingu íslensks prentmáls, einkum bóka, sem hefur náð þeim aldri að það er ekki lengur söluvara á markaði og gerð grein fyrir því hvernig hin stafvæddu rit yrðu gerð aðgengileg fyrir almenning.“

Starfshópurinn ákvað á fyrsta fundi sínum að nauðsynlegt væri að ákveða með hvaða hætti það verkefni sem honum var falið skyldi afmarkað, þ.e.

- hvaða verk hópurinn mun leggja til að endurgera skuli stafrænt og veita aðgang að, og
- hvaða not ætti að leggja til að heimila að því efni sem verður fært í stafrænt form, þ.e. hvernig ætti að stýra aðgangi að umræddu efni.

Starfshópurinn tók fram að slík afmörkun gæti aðeins verið í formi tillagna þar sem endanleg afmörkun verður einungis gerð í samráði og með samningum við fulltrúa rétthafa efnisins skv. höfundalögum, sem væru rétthafasamtökin Fjölís og þeirra aðildarfélög.

Afmörkun prentefnis til stafrænnar endurgerðar

Hvaða efni

„Íslenskt prentmál“ er ekki skilgreint í lögum. Af orðalagi fyrirliggjandi þingsályktunar og greinargerð hennar⁷ má ætla að flutningsmenn hafi einkum haft í huga bækur á íslensku, en t.d. ekki rit á öðrum tungumálum um íslensk efni eða jafnvel eftir íslenska höfunda.

Í íslenskum lögum og reglum eru nokkrar skilgreiningar sem líta má til við athugun málsins.

- Í höfundalögum (nr. 73/1972) er heitið „bókmenntaverk“ skilgreint í 1. gr.: „Til bókmennta ... teljast samið mál í ræðu og riti, leiksviðsverk, ... á hvern hátt og í hverju formi sem verkið birtist. Uppdrættir, teikningar, ... önnur þess háttar gögn, sem fræðslu veita um málefni eða skýra þau, njóta verndar með sama hætti og bókmenntaverk.“

- Í lögum um skylduskil til safna (nr. 20/2002) er þau verk sem falla undir lögin m.a. skilgreind í 4. gr.: „Verk sem gefín eru út á pappír.“

- Í lögum um bókmenntir (nr. 91/2007) er það talið eitt helsta viðfangsefni Miðstöðvar íslenskra bókmennta (2. gr.) að „styrkja útgáfu íslenskra ritverka og útgáfu erlendra bókmennta á íslenskri tungu með fjárframlögum úr bókmenntasjóði ...“.

⁷ Þingskjal 306 – 219. mál, 148. löggjafarþing 2017-2018, dags. 20. febrúar 2018.

- Í 3. gr. frumvarpi til laga um stuðning við útgáfu bóka á íslensku⁸ er að finna eftirfarandi orðaskýringu: „Bók. Ritverk sem er a.m.k. átta blaðsíður að lengd og bundið eða fest á hliðstæðan hátt í kjöl ...“. Og enn fremur: „Bók telst gefin út og gerð aðgengileg almenningi þegar hún hefur verið skráð og samþykkt í alþjóðlega númerakerfið hjá Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni eða í sambærilegu skráningarkerfi erlendis og boðin opinberlega til sölu, láns eða leigu.“

- Í sama frumvarpi er vísað til alþjóðlegs númerakerfis. Um er að ræða svonefndan ISBN staðal fyrir bækur, sem er alþjóðlegt númerakerfi (skammstöfunin stendur fyrir International Standard Book Number) bóka, sem alþjóðlega staðlastofnunin (International Standards Organisation – ISO) gefur út. Hvert númer er einstakt og er megintilgangur þessa alþjóðlega bóknúmerakerfis að greina hvert rit sem best frá öðrum. Hér á landi annast Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn útgáfu ISBN númera skv. samningi við alþjóðlegu ISBN skrifstofuna, en með samræmdri tölumerkingu rita af þessu tagi skapast möguleikar á aukinni nákvæmni við skráningu, jafnt hjá bókasöfnum, bókaútgáfum og söluaðilum. Númeraröðum eða stökum númerum er úthlutað til útgefenda endurgjaldslaust á Íslandi. Tölumerking rita samkvæmt ISBN-kerfinu hófst á Íslandi í mars 1990.⁹ Blöð, tímarit og nótur fá ekki ISBN númer en eru skráð með öðrum hætti, þ.e. með svonefndum ISSN númerum fyrir blöð og tímarit (International Standard Serial Number) og ISMN númerum fyrir nótur (International Standard Music Number) – útgáfa þeirra er einnig í höndum Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Yfirgnæfandi hluti nýrra bóka sem gefinn er út hér á landi fær ISBN númer, en þar sem ekki er lagaskylda að útgefna bækur þurfi slík númer eru árlega gefnar út bækur (einkum þegar um eigin útgáfur höfunda er að ræða) sem ekki eru skráðar með þeim hætti. Eldri bækur sem voru gefnar út fyrir upptöku þessa alþjóðlega kerfis (1990) eru án ISBN númera.

Hér á landi er rekið sameiginlegt bókasafnskerfi fyrir allt landið, og annast Landkerfi bókasafna hf. (sem er í sameiginlegri eigu ríkisins og sveitarfélaga) rekstur þess. Markmiðið með þessu sameiginlega kerfi er einkum að auka hagræðingu í rekstri bókasafna með því m.a. að koma í veg fyrir tvíverknað við skráningu bókræði- og notendaupplýsinga, auka gæði og áreiðanleika gagna og komast hjá rekstri og viðhaldi margra bókasafnskerfa með tilheyrandi kostnaði. Einnig var markmiðið að tryggja jafnræði íbúa Íslands með því að gera upplýsingar um safnkost bókasafna landsins aðgengilegan fyrir alla á netinu.

Allar bækur sem lög um skylduskil til safna hér á landi ná til eru skráðar í bókasafnskerfið (sem fékk nafnið Gegnir á íslensku), auk annars efnis (tímarita, tímaritsgreina, tónlistar, myndefnis o.fl.), og er því að finna bestu mögulegar upplýsingar um íslenskar bækur innan þessa kerfis.

Í greinargerð með tillögunni til þingsályktunar var vísað til tilraunaverkefnis á vegum norska þjóðbókasafnsins (Nasjonalbiblioteket) um stafræna endurgerð prentaðra bóka á norsku sem ber heitið Bokhylla.no eða Bókahillan. Verkefnið þróaðist fljótt af tilraunastigi og hefur leitt til þess að nú er nánast lokið stafrænni endurgerð allra bóka sem gefnar voru út í Noregi fyrir lok ársins 2000, að þýðingum meðtöldum.¹⁰

⁸ Lög nr. 130/2018 um stuðning við útgáfu bóka á íslensku.

⁹ Regína Eiríksdóttir, „Alþjóðlega bóknúmerakerfið á Íslandi“, *Árbók XVII* (1991), bls. 88–95.

¹⁰ Sjá 2. gr. norska Bokhylla samningsins sem er aðgengilegur á vef norska landsbókasafnsins, sjá <https://www.kopinor.no/avtaletekster/bokhylla-avtalen>. Sjá nánar um Bokhylla-verkefnið síðar í skýrslunni.

Samkvæmt upplýsingum frá norska þjóðbókasafninu var prentmáli gróflega skipt í fjóra flokka vegna verkefnisins, þ.e. bækur, dagblöð, tímarit og smáprent. Dagblöð og smáprent hafa ekki verið tekin inn í verkefnið, en stefnt er að því að tímarit verði tekin inn í kjölfar samnings frá 2018¹¹ við Kopinor, samtök félaga handhafa höfundaréttar í Noregi.

Hvaða tímabil

Í greinargerð með þingsályktun nr. 20/148 var lagt til að í verkefninu yrði miðað við að það efni sem yrði fært í stafrænt form væri ekki lengur söluvara á markaði. Reynslan sýnir að það er afar misjafnt hversu lengi bækur eru söluvara á markaði. Ljóst er að stór hluti útgefna bóka skilar ekki hagnaði nema rétt fyrstu árin¹² og eru því ekki endurútgefnar þegar fyrsta upplag er uppuríð. Einstaka verk, einkum stærri fræðibækur, kunna þó að seljast lengur. Það getur hins vegar verið illvinnandi verk ef sannreyna þarf hvort hver einstök útgefin bók telst söluvara eða ekki, og yrði erfitt að meta það með traustum hætti. Gera má ráð fyrir að til að forðast þetta vandamál hafi Norðmenn ákveðið við framkvæmd Bokhylla-verkefnisins í Noregi að miða við ákveðið ártal, þ.e. 2000, eins og getið er um að framan.

Til að geta fengið raunhæfar hugmyndir um umfang verkefnisins eftir tímabilum er hægt að skoða skráningar í bókasafnskerfinu *Gegnir*, varðveittar spjaldskrár yfir bækur frá 1844 til 1944, prentaða útgáfu af *Íslenskri bókaskrá* og vefinn [útgáfuskra.is](http://utgafuskra.is). Í meðfylgjandi yfirliti sem Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn hefur unnið í þessu skyni er sleppt bókum sem gefnar voru út á tímabilinu 1534–1849, en þær voru samtals 2.663. Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn hefur unnið að stafrænni endurgerð þessara bóka undanfarin ár, og er stór hluti þeirra nú þegar aðgengilegar á vefnum bækur.is.

Sé litið til skráningar á bókum á íslensku á tímabilinu 1850–2015 í Gegni er fjöldi rita, áætlaður meðalfjöldi blaðsíðna í hverri bók og heildarfjöldi blaðsíðna sem hér segir (sjá töflu nr. 1):

¹¹ Sá samningur er viðbótarsamningur við Bokhylla.no samninginn og var undirritaður 13. apríl 2018 en með afturvirkum gildistíma frá 1. janúar 2018, sjá 4. gr. samningsins. <https://www.kopinor.no/avtaletekster/tilleggsavtale-til-bokhylla-avtalen-tidsskrifter>.

¹² Sjá skýrslu mennta- og menningarmálaráðuneytisins frá 2017 „Varðveisla menningararfleifðar á stafrænu formi; Staða hjá söfnum og menningarstofnunum landsins“, bls. 59; Sjá einnig Australian Government Productivity Commission Report No. 78, 23 September 2016, Intellectual Property Arrangements, bls. 130.

Árabil	Fjöldi rita	Meðalfjöldi bls.	Heildarfjöldi blaðsíðna
1850-1859	368	111	40.848
1860-1869	553	80	44.240
1870-1879	662	68	45.016
1880-1889	982	63	61.866
1890-1899	536	83	44.488
1900-1909	906	69	62.514
1910-1919	1.136	75	85.200
1920-1929	1.459	80	116.720
1930-1939	2.343	84	196.812
1940-1949	4.536	126	571.536
1950-1959	5.005	119	595.595
1960-1969	6.109	108	659.772
1970-1979	8.667	95	823.365
1980-1989	12.430	106	1.317.580
1990-1999	16.955	103	1.746.365
2000-2009	15.913	117	1.861.821
2010-2015	9.515	110	1.046.650
	88.075	114	9.320.388

Tafla nr. 1.

Töflunni er skipt eftir áratugum til að auðvelda mat á hvornig skuli staðið að því að færa bækur í stafrænt form, þar sem bæði má ræða við hvað skuli miða þegar fjallað er um hvaða bækur séu enn í höfundarétti, sem og hversu nærri samtímanum eigi að ganga í verkefninu. Fjöldi skráðra rita á þessu tímabili er því rúmlega 88 þúsund, og miðað við ætlaðan meðalfjölda blaðsíðna í hverri bók væri heildarfjöldi blaðsíðna á þessu tímabili rúmlaga 9,3 milljónir blaðsíðna.

Ef miða ætti við önnur tímamörk vegna stafvæðingar væri auðvelt að reikna fjölda verka og blaðsíðna eftir töflunni, t.d. ef miða ætti við verk gefin út fyrir árið 2000 þá eru verkin tæplega 63 þúsund og heildarfjöldi blaðsíðna um 6,4 milljónir o.s.frv.

Niðurstaða

Í ljósi ofangreinds og að athuguðu máli var það niðurstaða starfshópsins að miða tillögu um áætlun um stafvæðingu íslensks prentmáls, a.m.k. í 1. áfanga, við bækur á íslensku, bæði frumsamdar og þýddar, sem skráðar eru í bókasafnskerfið Gegni. Um afmörkun útgáfutíma þeirra bóka sem yrðu stafvæddar á grundvelli verkefnisins – og teljist ekki lengur söluvara á markaði – verði haft samráð við rétthafasamtök um hvaða tímabil skuli miðað við.

Afmörkun aðgengis að stafvæddu prentefni

Bókasöfn og aðrar menningarstofnanir landsins sem varðveita íslenskt prentmál glíma við sama vandamál og slíkar stofnanir um allan heim gera, þ.e. að geta á hverjum tíma aðeins veitt

aðgang að hluta þess umfangsmikla safnkosts sem er í vörslu þeirra. Almennungi gefst vissulega kostur á að fá bækur til útlána á bókasöfnum, en flest eiga aðeins hluta útgáfunnar og hluta safnkostsins er aðeins hægt að nálgast á lesstofum safnanna; þá getur fjarlægð frá bókasafni einnig skipt máli, þó millisafnalán leysi þann vanda að hluta. Einnig er þekktur svonefndur félagslegur þröskuldur við að sækja söfn og menningarstofnanir, sem ýmsir þjóðfélags hópar eiga erfitt með að yfirstíga.

Með stafrænni endurgerð efnis er hins vegar auðvelt að miðla öllu því efni sem bókasöfn og aðrar menningarstofnanir varðveita, ef almenningur getur nálgast það nánast hvar og hvenær sem er í gegnum viðeigandi búnað. Ekki má heldur gleyma þeim ávinningi er fellst í stafrænu aðgengi og verður seint metinn til fjár, þ.e. tímasparnaði við að geta unnið úr gögnum á netinu og þurfa ekki að ferðast langar leiðir, og loks þeim stuðningi sem stafrænt aðgengi mun ótvírætt verða við kennslu og allar rannsóknir.

Í þingsályktuninni kemur fram að það sé hluti verkefnis starfshópsins að kanna möguleika þess að ná samningum við höfundaréttarhafa um afnot stafrænnar endurgerðar ritverka (sjá kafla 4). Ljóst er að slíkir samningar hljóta að markast af því hversu opið aðgengi verður að því efni, sem verður fært í stafrænt form. Má ætla að krafa um endurgjald vegna höfundaréttar verði herra, eftir því sem aðgengi að efninu verður víðtækara, og öfugt. Því er mikilvægt að ákveðið verði frá upphafi hvort og þá hvernig aðgengi að hinum stafrænu endurgerðum bóka verður afmarkað. Þá skiptir líka máli hvort eingöngu sé hægt að lesa efni af skjá eða hvort hægt verði að hlaði efni niður og/eða prenta.

Landfræðilegt aðgengi

Það prentmál sem nú þegar er aðgengilegt í stafrænu formi, t.d. í gegnum **bækur.is** og **tímarit.is** er opið og hægt að nálgast hvaðan sem er í heiminum. Stór hluti af efni á **bækur.is** er ekki háð höfundarétti og opið. Samið hefur verið við einstaka útgefendur og höfunda um efni sem er í höfundarétti og er það opið. Samkvæmt samningum hefur ekki verið greitt fyrir aðgang að efni á **tímarit.is** (útgefendur eða eigendur hafa í sumum tilfellum greitt kostnað við að setja rit í stafrænt form og veitt leyfi fyrir aðgengi að því í gegnum vefinn).

Hér á landi er þegar til þjónusta, sem hægt er að líta til sem fyrirmynd hvað þetta atriði varðar. Landsaðgangur að rafrænum áskriftum erlendra tímarita – **hvar.is** – veitir aðgang að tímaritsgreinum tæplegra 22 þús. tímarita og þar af nær 5.500 tímaritum beint frá útgefendum. Ríflega 200 aðilar greiða fyrir aðganginn, þar á meðal eru almenningsbókasöfn, bókasöfn framhaldsskóla, íslenskir háskólar, bókasöfn heilbrigðisstofnana, ráðuneyti, rannsóknar- og stjórnsýslustofnanir, opinber hlutafélög, fyrirtæki o.fl. Einnig er greitt fyrir þjónustu Landsaðgangsins með framlögum á fjárlögum. Starfsemi Landsaðgangs að rafrænum áskriftum hófst með formlegum hætti 23. apríl 1999. Í árslok 2002 var undirritaður samningur milli menntamálaráðuneytis og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns sem fól í sér að safnið hefði umsjón með verkefninu. Sá þjónustusamningur var endurnýjaður með nokkrum breytingum 2006.

Í skýrslunni *Vegvísir um innviði til rannsókna* (2009) var Landsaðgangur skilgreindur sem rannsóknainnviður (Research Infrastructure), þ.e. væri nauðsynlegur eða ómissandi fyrir iðkun vísinda. Í skýrslunni var fullyrt að Landsaðgangur væri með mikilvægustu forsendum fyrir öflugum rannsóknar- og þróunarstarfi á Íslandi og þar með fyrir allri nýsköpunarstarfsemi í landinu. Aðgangurinn væri einnig lykilatriði fyrir uppbyggingu rannsókna- og fræðasetra um allt land og skipti miklu máli fyrir menntun í landinu almennt. Nemendur í framhaldsskólum, ekki síður en háskólum, auk alls almennings, geta notað Landsaðganginn.

Í framhaldi af skýrslunni var unnið að tryggja fjármögnun Landsaðgangsins með því að Landsaðgangur varð að lögbundnu verkefni Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns með setningu laga nr. 142/2011. Í 4. gr. laganna er kveðið á um að safnið ræki hlutverk sitt með því „að efla aðgang að erlendum gögnum í þágu vísinda og fræða, stjórnsýslu og atvinnulífs, meðal annars með því að annast framkvæmd samninga um landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum í samráði við helstu hagsmunaaðila“.

Það hefur verið lykilatriði í samningum við útgefendur og réttihafa alls þess efnis sem Landsaðgangur veitir aðgang að í gegnum netið að aðgangur er takmarkaður við notendur sem tengjast efninu í gegnum íslenskar netveitur, þ.e. hafa svonefndar íslenskar IP-tölur. Þannig er aðgangurinn bundinn við notendur hér á landi, en er ekki aðgengilegur notendum í öðrum löndum. Greiðslur fyrir aðganginn hafa verið byggðar á þessum takmörkunum.

Það sem mælir með takmörkun aðgengis að bókum sem færðar eru í stafrænt form er hugsanleg kostnaðarhlið, þ.e. að ef aðgangur er öllum opinn kann það að kalla á hærri greiðslur til réttihafa efnisins en ef aðgangur væri takmarkaður með t.d. með sama hætti og aðgangur að Landsaðgangi – **hvar.is**. Einnig kann að fylgja því nokkur réttaróvissa við gerð samninga sem binda réttihafa sem ekki eru aðilar að samtökum höfundaréttarhafa, þ.e. hvort að slíkir samningar geti einnig gilt utan landsteinanna.

Það sem mælir með opnum aðgangi er m.a. sívaxandi evrópskt samstarf á sviði stafræns aðgengis að efni á menningarsviðinu, t.d. í gegnum fjölmeningargáttina europeana.eu.¹³ Þá gæti ekki síður verið mikilvægur þáttur í opnum aðgangi að geta boðið upp á stafrænar bækur á íslensku fyrir íslenskukennslu erlendis og íslenskufræði almennt á alþjóðlegum vettvangi. Einnig má nefna að þar sem verkefnið byggir á að auka aðgang að prentmáli á íslensku sé ólíklegt að hópur notenda utan Íslands verði nokkurn tíma fjölmennur, þar sem fáir kunna íslensku utan Íslendinga. Þetta endurspeglast í notkunartölum frá **bækur.is** og **tímarit.is**, en þar er mikill hluti heildarumferðar frá Íslandi. Á árinu 2017 var erlend umferð um vefinn **tímarit.is** um 24% og 33% á **bækur.is**.¹⁴

Hugsanlega mætti hafa fara bil beggja leiða, t.d. með því að hafa aðgang almennt opinn fyrir eldra efni en binda aðgang að yngri efni sem er í höfundarétti við íslenskar IP-tölur.

Hvaða not skuli leyfileg

Í samningnum um Bokhylla-verkefnið er tekið fram að notkun efnisins sé eingöngu bundin við lestur á skjá, en hvorki er hægt að prenta það né hlaða niður.¹⁵ Telja má eðlilegt að svipaðar takmarkanir gildi um afnot af stafrænni endurgerð bóka hér á landi, og við það er greinilega miðað í texta þingsályktunarinnar, þar sem fjallað eru „... um stafræna endurgerð íslensks prentmáls sem verði aðgengileg til lestrar á nettengdum búnaði ...“.¹⁶

Takmörkun á notkun á þann veg að eingöngu verði hægt að lesa efni á skjá kann að vera eðlileg takmörkun til að tryggja að aðgengi að stafrænum endurgerðum bóka í gegnum þetta verkefni verði ekki í samkeppni við bækur sem kunna enn að vera á markaði í pappírformi

¹³ Markmið þessa vefs er að skapa sameiginlegan aðgang fyrir allan almenning að menningararfleifi í hinum ýmsu löndum Evrópu, þannig að hægt sé að njóta menningarefnis óháð staðsetningu. Íslenskar menningarstofnanir og söfn eru þegar þátttakendur í þessu verkefni.

¹⁴ Skv. lauslegri könnun Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns 26. nóv. 2018. Í þessu tölum er meðtalin umferð svonefndra „róbóta“, en líklegt er að þeir skýri talsverðan hluta umferðarinnar.

¹⁵ 1. mgr. 5. gr. samningsins um verkefnið hljóðar svo: „Materialet gjøres tilgjengelig for lesing på skjerm med det visningsformat som til enhver tid tilbys på nb.no. Det skal ikke legges til rette for nedlasting eller utskrift av materialet før den opphavsrettslige vernetiden har utløpt.“

¹⁶ Þingskjal 306 – 219. mál, 148. löggjafarþing 2017-2018, dags. 20. febrúar 2018.

eða í rafrænu formi. Þess ber þó að gæta að verkefninu er ætlað að takmarkast við bækur sem ekki eru lengur taldar söluvara á markaði, auk þess sem réttthafar, a.m.k. þeir sem ekki eru félagar í réttthafasamtökunum sem semja um afnotin, eiga möguleika á að segja sig frá þátttöku, sbr. umfjöllun um það hér að aftan. Takmörkun á hvaða not verða heimiluð verður auðvitað hluti samninga við réttthafa.

Niðurstaða

Niðurstaða starfshópsins var að athuguðu máli að miða áætlun um stafvæðingu íslensks prentmáls, a.m.k. í 1. áfanga, við að hin stafræna endurgerð verði aðgengileg til lestrar á nettengdum búnaði, og að aðgengi að ritum í höfundarétti verði takmarkað við notendur sem tengjast efninu í gegnum íslenskar netveitur, þ.e. hafa svonefndar íslenskar IP-tölur, en rit sem eru úr höfundarétti verði öllum opin.

Áætlun kostnaðar

Í þingsályktuninni var lagt til að „Starfshópurinn geri grein fyrir kostnaði og möguleikum á að ljúka stafrænni endurgerð íslensks prentmáls á a) 5 árum, b) 10 árum og c) 15 árum.“¹⁷

Til að meta umræddan kostnað eftir því sem kostur væri og með hvaða hætti mætti greina hann t.d. eftir mögulegri dreifingu verkefnisins í tíma var leitað til sérfræðinga Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, þar sem löng reynsla er fyrir hendi innan safnsins við stafræna endurgerð efnis, t.d. fyrir vefina timarit.is og bækur.is. Efni þessa kafla byggir að stórum hluta á minnisblaði sem starfhópnum barst frá Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni¹⁸ og tölfraðilegum upplýsingum um vinnsluhraða o.fl.

Kostnaðinum má skipta í tvo meginþætti, sem síðan skiptast hvor fyrir sig í tvo undirþætti:

- Stofnkostnað og vinnslukostnað á framkvæmdatíma:
 - Kostnað vegna tækja- og tækniúnaðar til stafrænnar endurgerðar;
 - launakostnað vegna vinnslu verkefnisins.
- Rekstrarkostnað, sem hefst á framkvæmdatíma og verður til staðar að honum loknum:
 - Kostnað við varðveislu og viðhald gagna;
 - kostnað vegna greiðslu fyrir afnot höfundaréttar að hinu stafræna efni.

Fjallað verður um hvern kostnaðarþátt sérstaklega.

Allar tölur eru miðaðar við nóvember 2018 og ekki er gert ráð fyrir launahækkunum eða öðrum mögulegum breytingum á áætlðu einingaverði einstakra verkþátta.

Stofn- og vinnslukostnaður á framkvæmdatíma

Samkvæmt lögum um skylduskil til safna nr. 20/2001 eru tvö söfn í landinu skilgreind sem varðveislusöfn fyrir verk sem gefin eru út á pappír (4. gr.), þ.e. Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn og Amtsbókasafnið á Akureyri. Eðlilegt er að hugsa til þess að hin stafræna endurgerð bóka á íslensku verði unnin í samvinnu þessara safna, á báðum stöðum. Í þessum kafla er lýst grunnkostnaði við upphaf og síðan framkvæmd verkefnisins. Bæði stofn- og vinnslukostnaður verður þó óhjákvæmilega háður eftir þeim vinnsluhraða sem ákveðinn

¹⁷ Þingskjal 306 – 219. mál, 148. löggjafarþing 2017-2018, dags. 20. febrúar 2018.

¹⁸ Minnisblað Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns til mennta- og menningarmálaráðuneytis, dags. 6. nóvember 2018.

verður, þ.e. fjöldi vinnslustöðva og staðsetning þeirra kallar á mismunandi stofnkostnað og mannafla við vinnsluna.

Kostnaður vegna tækja- og tæknibúnaðar til stafrænnar endurgerðar

Við full afköst er talið að hægt verði að mynda 200 blaðsíður á klukkustund með hverri myndavél. Við upphaf verkefnisins þarf að kaupa eina myndavél fyrir hverja vinnslustöð. Jafnframt þyrfti að kaupa tölvur til keyrslu á vélunum. Einnig þarf að gera ráð fyrir kostnaði við hugbúnað, t.d. leyfi til ljóslesturs. Loks þarf að gera ráð fyrir kostnaði s.s. við nettengingu milli starfstöðva ef vinnslan færi fram bæði í Reykjavík og á Akureyri.

Miðað við þær forsendur að aðeins yrði um að ræða eina vinnslustöð og þann blaðsíðufjölda sem fram kemur í töflu 1 (9,3 milljónir blaðsíðna) mundi taka um 18 ár að færa allar umræddar bækur í stafrænt form. Í upphafi mundi stofnkostnaður tækja- og tæknibúnaðar vegna verkefnisins vera samtals vera tæplega 22,7 m.kr. (sjá töflu nr. 2):

Tækjabúnaður	Einingar	Tegund	Kostn. á einingu	Samtals
Kaup á myndavél	1	Myndavélar	10.900.000	10.900.000
Tölvur				
- Myndun	2	Tölvur	370.000	740.000
- Úrvinnsla	1	Tölvur/þjónar	1.350.000	1.350.000
Gagnastæða	1	3PAR	1.000.000	1.000.000
Uppsetning netbúnaðar	0	Netsamband	600.000	0
Netbúnaður	1	Tölvu- og tækjabúnaður	5.100.000	5.100.000
Leyfi fyrir forrit	1	Forrit / OCR	2.800.000	2.800.000
Harðir diskar	1	Skýjageymsla	850.000	850.000
Stofnkostnaður samtals:				22.740.000

Tafla nr. 2.

Rétt er að benda á að líftími stafrænna myndavéla og viðeigandi tölva og forrita er almennt talinn vera 7–8 ár. Verði ákveðið að dreifa verkefninu á lengri tíma en þeim líftíma nemur þarf væntanlega að huga að þeim viðbótarkostnaði við endurnýjun stafrænna myndavéla og viðeigandi forrita, sem af því mun hljóta. Því yrði stofnkostnaður miðað við eina vinnslustöð þreföld ofangreind upphæð áður en yfir lyki (þ.e. með endurnýjun stofnkostnaðar á 7. ári vinnslunnar og aftur á 14. ári vinnslu).

Verði ákveðið að vinna á fleiri vinnslustöðvum en hér er miðað við, breytist stofnkostnaður í samræmi við þann fjölda myndavéla, sem ákveðið verður að vinna með.

Launakostnaður vegna vinnslu verkefnisins

Til að meta launakostnað við vinnslu verkefnisins þarf sem fyrr segir að ákveða forsendur um vinnulag, fjölda starfstöðva, fjölda starfsmanna o.s.frv. Í fyrri verkefnum við stafræna endurgerð á safninu hefur t.d. komið í ljós að til að fullnýta myndavél sé best að einn starfsmaður sé við myndatöku og annar starfsmaður við skráningu, yfirferð og frágang. Til að fullnýta eina myndavél þarf því tvo starfsmenn, samtals tvö ársverk, en fjöldi annarra starfsmanna væri í hlutfalli við fjölda vinnslustöðva sem væru í notkun, þ.e. starfsmenn við upplýsingatæknivinnu (forritun og aðlögun hugbúnaðar), við val á efni og undirbúningi þess til myndatöku og loks við verkstjórn.

Miðað er við að á hverri vinnslustöð verði unnið á tveimur átta tíma vöktum fimm daga vikunnar, frá kl. 8–16 og 13–21. Verktími á ári verði 10 mánuðir, að teknu tilliti til orlofs og almennra frídaga. Fjöldi starfsmanna við myndatöku verði tveir (þ.e. einn á við hverja myndavél á hverri vakt) en auk þess starfi við verkefnið einn starfsmaður við val á efni og undirbúningi þess til myndatöku, og annar starfsmaður samtals við upplýsingatæknivinnu, þ.e. við forritun og aðlögun hugbúnaðar, og önnur verkefni.

Miðað við þessar forsendur yrðu árleg laun og launakostnaður vegna verkefnisins samtals rúmlega 36 m.kr. (sjá töflu nr. 3):

Starfsmannahald	Einingar	Tegund	Kostn. á einingu	Samtals
- Myndun	2	Ársverk	7.800.000	15.600.000
- Verkstjórn	0	Ársverk	8.700.000	0
- Upplýsingatækni	0,5	Ársverk	12.400.000	6.200.000
- Bókasafnsfræðingur	1	Ársverk	9.300.000	9.300.000
- Ýmislegt	0,5	Ársverk	10.000.000	5.000.000
Árl. launakostn. samtals:	4			36.100.000

Tafla nr. 3.

Verði ákveðið að vinna á fleiri vinnslustöðvum (þ.e. með fleiri myndavélum á sama tíma), breytist árlegur áætlaður launakostnaður í samræmi við það. Þá er rétt að ítreka að hér er miðað við launakostnað í nóvember 2018, og ekki er gert ráð fyrir launahækkunum.

Rekstrarkostnaður

Kostnaður vegna langtímarvarðveislu og viðhalds gagna

Gögn sem verða til við myndatöku þarf að varðveita rétt eins og bækur á áþreifanlegu formi; prentaðar bækur þurfa hillurými o.s.frv., en stafrænt efni þarf viðeigandi gagnarými í tölvuverum. Einnig þarf að huga að gagnaumsjón og viðhaldi, s.s. uppfærslu hinna stafrænu gagna á ný snið eftir því sem tækninni fleygir fram.

Gert er ráð fyrir að gögnin verði birt og gerð aðgengileg á vefnum bækur.is, en kostnaður vegna viðhalds og starfsemi hans almennt er ekki inni í þessum kostnaðartölum. Árlegur kostnaður við viðhald gagna, rekstur, þróun og varðveislu getur orðið alls rúmlega 6,5 m.kr. (sjá töflu nr. 4):

Langtímarvarðveisla	Tegund	Kostn. á ári
Viðhald tækjabúnaðar	Tilfallandi viðhald	750.000
Rekstrarkostn. og þróun	Viðhald gagna fram í tímann	1.000.000
Geymslukostn. gagna	Varðveisla gagna	4.800.000
Rekstrarkostn. útstöðvar	Netsamband milli vinnslustöðva	0
Rekstrarkostnaður í 6 ár		6.550.000

Tafla nr. 4.

Verði ákveðið að vinna á fleiri vinnslustöðvum og á tveimur stöðum á landinu, þ.e. hjá Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafn í Reykjavík og hjá Amtsbókasafninu á Akureyri, bætist við kostnaður við netsamband á milli vinnslustöðva og frekara viðhald tækjabúnaðar.

Kostnaður vegna greiðslu fyrir afnot höfundaréttar bóka

Þær greiðslur sem hér um ræðir sem hluta rekstrarkostnaðar verkefnisins til framtíðar eru háðar samningi sem gera þarf um not bóka sem eru enn í höfundarétti og veita ætti aðgang að með stafrænni endurgerð (sjá næsta kafla um höfundarétt og samninga við rétthafa). Í slíkum samningi yrði tilgreint við hvaða verk væri miðað, frá hvaða tímabili, hvaða not yrðu heimiluð og hvar, og gerð tillaga að sanngjörnu endurgjaldi til rétthafa fyrir slík not.

Þar sem slíkur samningur aðila hér á landi hefur ekki verið gerður áður er við þessa skýrslugerð ekki hægt að meta þennan kostnað með ábyrgum hætti, en hægt er að nálgast áætlun um hann út frá samanburði við samning Norðmanna um þessi mál.

Í greinargerð þeirrar tillögu til þingsályktunar sem hér um ræðir¹⁹ var m.a. vísað til samnings sem samtök höfundaréttarhafa í Noregi, Kopinor, hafa gert við norska þjóðbókasafnið (Nasjonalbiblioteket) um stafræna endurgerð prentaðra bóka á norsku sem hafa verið gerðar aðgengilegar almenningi. Í þeim samningi kemur fram (8. gr.) að safnið greiði frá árinu 2015 árlega 33 norska aura, eða u.þ.b. 4,8 íslenskar krónur fyrir hverja blaðsíðu sem er aðgengileg á netinu.²⁰

Greiðslur vegna afnota af höfundarétti yrðu stigvaxandi á vinnslutíma verkefnisins eftir því hversu mikið efni yrði fært í stafrænt form og gert aðgengilegt ár hvert. Ef miðað væri við að um 70% þess blaðsíðufjölda sem um ræðir frá 1850–2015 (sjá kafla 2.1.2) væri enn í höfundarétti mundu árlegar greiðslur þegar vinnslunni yrði lokið nema um 31,3 – 35,6 m.kr. með sambærilegum samningum og gerðir hafa verið í Noregi.

Einnig kemur til álita að leggja til eingreiðslu fyrir að gera ritin aðgengileg á netinu, sbr. t.d. þýsku leiðina (sjá nánar í næsta kafla um höfundarétt og samninga við rétthafa), og að síðan verði til viðbótar greitt fyrir raunverulega notkun efnis í stafrænu formi, þ.e. að ef rit sem er í höfundarétti verði lesið þá skuli greiða fyrir slík afnot. Hægt er að fylgjast með slíkri notkun, og má sem fyrirmynd að slíku greiðslukerfi benda á að greiðslur til höfunda fyrir útlán bókasafna á prentuðum bókum eru ákveðnar á grundvelli upplýsinga um útlán árið á undan í bókasafnskerfinu Gegni.

Ákvörðun um grundvöll og fyrirkomulag greiðslu fyrir notkun efnis sem verður fært í stafrænt form og er í höfundarétti verður þó aðeins tekin með samningum þar að lútandi við rétthafa.

Niðurstaða

Af ofangreindu má ráða að stofnkostnaður vegna tækja og tæknibúnaðar – miðað við að um verði að ræða eina vinnslustöð – verður rúmlega 22,7 m.kr., árlegur vinnslukostnaður á þeim tíma sem tekur að færa bækurnar á stafrænt form verður 36,1 m.kr. og árlegur rekstrarkostnaður vegna langtímavarðveislu og viðhalds gagna rúmlega 6,5 m.kr. Heildarkostnaður á upphafsári verkefnisins verður því um 65,4 m.kr. (sjá töflu nr. 5):

¹⁹ Þingskjal 306 – 219. mál, 148. löggjafarþing 2017-2018, dags. 20. febrúar 2018.

²⁰ Miðað við gengi NOK 15.11.2018, um ISK 14,6. Árleg upphæð á hverja blaðsíðu er vísitölutryggð, sbr. 9. gr. Bokhylla-samningsins.

Kostnaður við upphafsár verkefnið	
Stofnkostnaður	22.740.000
Vinnslukostnaður	36.100.000
Varðveislukostnaður	6.550.000
Samtals	65.390.000

Tafla nr. 5.

Þar sem endurtaka þarf stofnkostnað tvisvar til viðbótar á framkvæmdatímanum (18 árum) og vinnslu- og varðveislukostnað árlega allan þann tíma má ætlað að heildarkostnaður við verkefnið, miðað við ofangreindar forsendur (þ.e. að verkefnið verði unnið með einni vinnslustöð á 18 árum) verði um 836 m.kr., en þá er kostnaður við greiðslur fyrir afnot af höfundarétti á vinnslutímanum undanskilinn (sjá töflu nr. 6):

Kostnaður við verkefnið	Einingar	Kostn.á einingu	Heildarkostnaður
Stofnkostnaður	3	22.740.000	68.220.000
Vinnslukostnaður	18	36.100.000	649.800.000
Varðveislukostnaður	18	6.550.000	117.900.000
Samtals		65.390.000	835.920.000

Tafla nr. 6.

Ofangreindar kostnaðartölur eru eðli málsins samkvæmt háðar þeim forsendum sem hér hafa verið markaðar, þ.e. um eina vinnslustöð. Verði tekin ákvörðun um annan fjölda vinnslustöðva (tvær, þrjár eða fjórar vinnslustöðvar), hvort þær verða á einum stað eða fleiri stöðum á landinu, hversu hratt verkefnið verður unnið o.s.frv. og mundu allar tölur breytast í samræmi við þær ákvarðanir.

Gerð verður grein fyrir slíkum möguleikum í sérstökum kafla hér á eftir um kostnaðar-, verk- og tímaáætlun, sem og tillögu starfshópsins þar að lútandi.

Þegar framkvæmdaþætti þessa verkefnis verður lokið tekur við rekstur til framtíðar á aðgangi að hinu stafræna efni. Af þeim rekstri verður árlegur kostnaður, eins og áður hefur verið nefnt, sem má ætla að verði sem hér segir (sjá töflu nr. 7):

Kostnaðarliður	Kostnaður
Langtíma varðveisla	8.350.000
Afnot höfundaréttar	33.000.000
Árlegur rekstrarkostn.	41.350.000

Tafla nr. 7.

Höfundaréttur og samningar við réttihafa

Höfundaréttur

Höfundar hafa eignarrétt að verkum sínum, sbr. 1. mgr. 1. gr. höfundalaga nr. 73/1972 og einkarétt á að gera eintök af verkum sínum og gera þau aðgengileg almenningi í upphaflegri

og breyttri mynd, sbr. 1. mgr. 2. gr. höfundalaga, nema fyrir hendi séu takmarkanir á þeim einkarétti í öðrum ákvæðum höfundalaganna.

Höfundaréttur varir í 70 ár frá dauða höfundar, sbr. 43. gr. höfundalaga. Sem dæmi þá nýtur verk sem birt væri 1900, samið af 16 ára höfundi sem lifir til 86 ára aldurs, verndar skv. höfundarétti til ársins 2040. Á sömu forsendum gæti verk sem birt hefði verið 1880 notið höfundaréttarverndar til ársins 2020. Ljóst er því að stærsti hluti bóka á íslensku, bæði frumsamdar og þýddar, sem skráðar eru í bókasafnskerfið Gegni, eru enn háðar höfundarétti.

Það að setja bækur á stafrænt form telst vera eintakagerð og fellur því undir einkarétt höfunda. Hins vegar er að finna takmörkun á þeim rétti að því er varðar heimild safna, þ.m.t. bókasafna, til að gera eintök af verkum í söfnum sínum í varðveisluskyni, sbr. 1. tl. 1. mgr. 12. gr. höfundalaga. Sú heimild hefur verið túlkuð á Norðurlöndunum, sem öll hafa svipaða höfundaréttarlöggjöf, þannig að hún heimili söfnum að setja verk sín á stafrænt form til varðveislu og notkunar innan safnsins, en að slík eintök megi einnig nota í öðrum löglegum tilgangi sem tilskilin leyfi eru fyrir. Hins vegar heimilar það ákvæði söfnum ekki að gera verkin aðgengileg, t.d. með því að veita aðgang að þeim á netinu. Til þess þurfi sérstakt leyfi réttthafa.

Þegar um er að ræða svo stórt verkefni eins og að koma íslensku prentmáli á stafrænt form og gera það aðgengilegt almenningi þá er söfnum vandi á höndum. Ljóst er að svo til ómögulegt er að hafa uppá hverjum einasta réttthafa til að semja um að gera hvert og eitt verk aðgengilegt með þessum hætti. Hver bók getur haft fleiri réttthafa auk skráðs höfundar, t.d. myndhöfund og útgefanda, sem á rétt skv. útgáfusamningi. Ef höfundur er látinn þá bætast við mismargir erfingjar sem handhafar réttthafa. Í mörgum tilvikum (einkum hvað varðar eldri bækur) er ekki vitað lengur hver réttthafinn er og erfitt eða ómögulegt að hafa upp á slíkum upplýsingum.

Réttthafasamtök sem hafa heimild skv. umboði félagsmanna til að semja um viðeigandi not geta þó einfaldað ferlið. Hér á Íslandi væri það réttthafasamtökin **Fjölís** sem er hagsmunafélag sjö höfundaréttarsamtaka²¹ sem koma fram fyrir hönd réttthafa að verkum sem njóta höfundaréttar og nýtt eru með ljósrítun, skönnun, stafrænni eftirgerð eða annarri hliðstæðri eftirgerð.

En jafnvel tilvist slíkra samtaka leysir ekki allan vanda, því ekki eru allir réttthafar í viðeigandi réttthafasamtökum.

Til þess að leysa þann vanda að engin réttthafasamtök ná til allra réttthafa á einstökum sviðum hafa norrænar þjóðir, Ísland þ.m.t., innleitt svokallaðar samningskvaðir í höfundalög sín. Samningskvaðir, sem eiga uppruna sinn í norrænum höfundarétti, hafa verið til athugunar víða um heim sem lausn á stafrænu aðgengi að menningararfinum, en þó sérstaklega í öðrum evrópskum löndum.²² Með samningskvöð er átt við það að ákveðið er með lögum að stórnotendum verka sem varin eru af höfundarétti, t.d. útvarp, menntastofnanir og bókasöfn, sem gert hafa samning við höfundaréttarsamtök um notkun á verkum aðildarfélaga/félagsmanna þeirra, skuli einnig vera heimilt að nýta verk höfunda sem standa utan samtakanna, enda séu verkin sömu tegundar og verk sem samningurinn tekur til og notkunin

²¹ Aðildarfélög Fjölís eru Blaðamannafélag Íslands, Félag íslenskra bókaútgefenda, Hagþenkir – félag höfunda fræðiritra og kennslugagna, Myndstef, Rithöfundasambandið, Samband íslenskra tónbókaútgefenda og STEF; sjá vefsíðu félagsins, fjolis.is.

²² Sjá umfjöllun um útbreiðslu samningskvaða utan Norðurlandanna í ritinu „European Libraries and the Internet: Copyright and Extended Collective Licences“ eftir Rán Tryggvadóttur, Intersentia 2018, kafli 7, bls. 245–269. Sjá líka hér að aftan í þessum kafla um áætlanir innan Evrópusambandsins að taka upp samningskvaðir til að auka aðgang að menningararfinum.

að öðru leyti háð ákvæðum samningsins.²³ Þetta fyrirkomulag auðveldar notkun verka, til hagsbóta fyrir réttthafa og notendur, í þeim tilvikum sem um mikla notkun fjölda verka er að ræða. Sem dæmi um slíkt má nefna ljósritun fyrir kennslu eða flutning tónlistar í útvarpi, þegar erfitt eða ómögulegt er fyrir notendur að fá leyfi hvers og eins réttthafa fyrir viðkomandi afnotum. Með því að samningur með svonefndum samningskvaðaáhrifum bindur réttthafa sem standa utan réttthafasamtaka er réttarvissa tryggð fyrir notandann.²⁴

Í samningskvaðasamningum er mikilvægt að tryggja rétt utanfélagsmanna sem verða bundnir af slíkum samningnum vegna samningskvaðaákvæða í höfundalögum. Það er fyrst og fremst gert með því að tryggja að þeir hafi sama rétt til endurgjalds og félagsmenn. Þá skulu þeir einnig hafa rétt til einstaklingsbundinnar greiðslu,²⁵ og loks hafa þeir oft rétt til að banna notkun verka sinna á grundvelli samningskvaðasamnings.²⁶ Rétt er að geta þess að í slíkum samningum er hægt að kveða á um að allir réttthafar, bæði félagsmenn og utanfélagsmenn, geti dregið verk sín úr gildissviði samningskvaðasamningsins, eins og t.d. er gert í norska Bokhylla-samningnum.²⁷

Í 12. gr. b höfundalaga er að finna ákvæði um að söfnum sé heimilt að gera samninga sem fela í sér samningskvaðir til að gera eintök af verkum í safnkosti sínum og gera þau aðgengileg. Þetta felur í sér að t.d. Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn getur gert samning við réttthafasamtökin **Fjölís** um stafræna notkun á efni úr safnkosti sínum. **Fjölís** hefur viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytis til að gera samningskvaðasamninga um stafræna notkun efnis sem aðildarfélag Fjölís hafa heimild til að semja um á grundvelli umbóðs þeirra.²⁸

Menningarstofnanir á Íslandi hafa kallað eftir samræmingu hvað varðar birtingu gagna í opnum aðgangi og um hvort og hvernig skuli leyfa notkun á slíkum gögnum. Því þarf ætíð að vera ljóst hvernig höfundarétti er háttað á þeim gögnum sem þar er að finna.²⁹

Á seinni árum hefur sveigjanleiki og vilji til samræmdra lausna í höfundaréttarmálum aukist hjá réttihöfum hér á landi líkt og á Norðurlöndum og víðar í Evrópu, en þetta hefur mikla þýðingu varðandi miðlun á stafrænum menningararfi.³⁰

Evrópsk verkefni að koma prentarfinum á stafrænt form Noregur

²³ Sjá 26. gr. a. höfundalaga.

²⁴ Sjá umfjöllun um samningskvaðir í frumvarpi til laga um breyting á höfundalögum, nr. 73/1972, með síðari breytingum (endurskoðun höfundalaga, einkaréttindi höfunda og samningskvaðir), sbr. þingskjali 400 – 333. mál, sem lagt var fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015-2016, sérstaklega bls. 8-9.

²⁵ Sjá 26. gr. b. höfundalaga.

²⁶ Slíka bannheimild er að finna í samningskvaðaákvæðum 3. mgr. 14. gr., 18. gr., 23. gr., 23. gr. b., 2. mgr. 26. gr. a. en ekki í samningskvaðaákvæðum 12. gr. b., 4. mgr. 19. gr. og 23. gr. a. í höfundalögum.

²⁷ Sjá umfjöllun um Bokhylla-samninginn í kafla 4.2.1 hér að neðan; haustið 2016 höfðu aðeins um 2% réttthafa sagt sig frá samningum.

²⁸ Sjá Auglýsingu nr. 315/1998 um breytingu á samþykktum Fjölís nr. 494/1985.

²⁹ Við færslu íslenskra bóka á stafrænt form kemur einnig til álita hvort hugsanlega myndist höfundaréttur til þeirra sem setja bækurnar yfir á stafrænt form. Reynist svo þyrfti að semja sérstaklega við þá starfsmenn sem yfirfæra prentarfinn á stafrænt form til að tryggja að mögulegur höfundaréttur þeirra kæmi ekki í veg fyrir not á efninu í stafrænu formi í framtíðinni. Einnig gæti þurft að kveða í samningi á um hver ætti rétt til gagnagrunnsverndar skv. 50. gr. höfundalaga.

³⁰ Sjá t.d. skýrslu samráðsnefndar um framtíð íslenskrar bókaútgáfu. Reykjavík 2014, bls. 4.

Norska Bokhylla-verkefnið er byggt á samningskvaðsamningi við réttthafasamtökin Kopinor³¹ með heimild í norsku höfundalögnum.³² Upphaf þess verkefnis má rekja til ársins 2009 þegar sett var á laggirnar forverkefni til þriggja ára um að gera 50.000 ritverk frá síðasta áratug hverrar aldar aðgengileg í stafrænu formi á heimasíðu norska landsbókasafnsins. Þetta var fyrsta verkefni sinnar tegundar í heiminum, og sem tók til efnis sem enn var í höfundarétti. Núgildandi samningur er frá haustinu 2012 og gildir þar til honum verður sagt upp, sem er hægt einu sinni ári með sex mánaða fyrirvara. Samningurinn tekur til þess að gera allar bækur sem gefnar hafa verið út í Noregi fyrir árið 2001 aðgengilegar á stafrænu formi á heimasíðu norska landsbókasafnsins. Aðgangur að bókunum er aðeins fyrir tölvur með norska IP-tölu, nema í örfáum undantekningartilvikum sem varða rannsóknir og menntun. Eingöngu er heimilt að lesa bækur sem eru háðar höfundarétti af skjá, en hvorki er hægt að prenta þær né hlaða þeim niður.

Haustið 2016 tók verkefnið til um 212.000 bóka. Allir réttthafar bókanna geta sagt sig frá samningnum, bæði félagar í Kopinor og utanfélagsmenn. Haustið 2016 höfðu eingöngu um 2% réttthafa sagt sig frá samningum – sem voru réttthafar um 3.700 bóka.

Endurgjald til réttthafa er reiknað sem ákveðið gjald fyrir hverja blaðsíðu og er greitt árlega,³³ og miðast því ekki við hvort eða hversu oft verið er skoðað. Norska landsbókasafnið þarf að veita Kopinor tölfraðilegar upplýsingar að því marki sem hægt er um notkun efnisins, en ekki hefur verið unnt að sundurgreina hvert einasta verk réttthafa, t.d. ekki allar myndir sem er að finna í bókum. Það hefur í för með sér að endurgjald til réttthafa sem réttthafasamtökin Kopinor sjá um að dreifa eru blanda af heildarúthlutun og einstaklingsbundinni úthlutun.³⁴

Nýlega var gerður viðauki við Bokhylla-samninginn sem tekur til tímarita. Viðaukinn gekk í gildi 1. janúar 2018.³⁵

Þýskaland

Í Þýskalandi er að finna sérstaka löggjöf um aðgang að prentmáli sem ekki er lengur fánæg á almennum markaði.³⁶ Löggjöfin varðar eingöngu verk sem birt voru fyrir 1. janúar 1966. Lögin byggja á lögfestri líkindareglu sem gerir ráð fyrir að réttthafasamtök eða umsýslustofnanir á sviði höfundaréttar séu talin hafa rétt til að hafa umsýslu með réttindum utanfélagsmanna á sínu sviði nema sýnt sé fram á annað. Þannig er kveðið á í lögnum um að ef bækur, tímarit, dagblöð eða annað prentmál sem var gefið út fyrir árið 1966 er að finna í opinberum söfnum og hafa verið tilkynnt inn í gagnagrunn sem þýska Einkaleyfa- og vörumerkjastofnunin hefur umsjón með, þá sé álitnið að viðkomandi réttthafasamtök hafi umboð til að semja um not á slíku efni þ.e. ef slík not hafa ekki í för með sér fjárhagslegan

³¹ Kopinor eru norsk systursamtök Fjölís.

³² Sjá 50. gr. norsku höfundalaganna: Lov om opphavsrett til åndsverk mv. – 2018-06-15-40. Samningurinn er aðgengilegur á heimasíðu norska landsbókasafnsins, sjá <https://www.kopinor.no/avtaler/nasjonallbiblioteket>.

³³ Frá og með árinu 2015 er hið árlega endurgjald fyrir hverja blaðsíðu 0,33 norskar krónur vísitölutryggt, sbr. 8. gr. samningsins.

³⁴ Sjá nánari umfjöllun um Bokhylla verkefnið í ritinu „European Libraries and the Internet: Copyright and Extended Collective Licences“ eftir Rán Tryggvadóttur, Intersentia 2018, bls. 173-175.

³⁵ Sjá 4. gr. viðaukans, sem er aðgengilegur á heimasíðu norska landsbókasafnsins, sjá <https://www.kopinor.no/avtaletekster/tilleggsavtale-til-bokhylla-avtalen-tidsskrifter>.

³⁶ Upphafleg löggjöf var sett árið 2013 en síðan hafa þau ákvæði verið flutt í annan lagabálk, sjá nú 5. kafla laga um umsýslustofnanir höfundaréttar (B. Verwertungsgesellschaftengesetz vom 24. Mai 2016 (BGBl. I S. 1190)).

ávinning fyrir notandann. Samkvæmt lögnum gildir þessi heimild líka fyrir verk þeirra sem standa utan viðkomandi réttthafasamtaka.

Á grundvelli þessara laga hafa réttthafasamtök á sviði texta og myndefnis gert rammasamning við þýska sambandsríkið um rafræn not á prentmáli sem útgefið var fyrir 1966,³⁷ en dagblöð og tímarit eru undanþegin samningum. Samningurinn gekk í gildi í janúar 2015 og á sama tíma hóf þýska landsbókasafnið þjónustu við söfn um að veita leyfi til rafrænna nota á þeim verkum sem samningurinn tekur til. Söfn í Þýskalandi geta leitað til landsbókasafnsins til að fá leyfi til að skanna og gera verk aðgengileg á netinu, sem útgefin eru fyrir árið 1966 og eru ekki lengur söluvara. Landsbókasafnið tekur á móti slíkum umsóknum og kannar hvort viðkomandi verk sé að finna í lista yfir verk á markaði, en slíkan lista er að finna í sjálfvirkum gagnagrunni. Ef sú leit staðfestir að verkið sé ekki lengur söluvara á markaði þá framsendir landsbókasafnið umsóknina til viðkomandi réttthafasamtaka. Réttthafasamtökin bæta upplýsingum um verkið í gagnagrunn þýsku Einkaleyfa- og vörumerkjastofnunarinnar. Þegar verkið er komið á skrá þar má safnið, sem upphaflega sótti um, setja verkið á stafrænt form og gera það aðgengilegt á netinu.

Samningurinn kveður ekki á um landfræðilegar takmarkanir og af ákvæðum hans má ráða að not á netinu séu ekki bundin þýskum IP-tölum. Endurgjald fyrir not verka skv. samningnum er í formi eingreiðslu fyrir hvert verk sem nýtt er undir samningnum.³⁸

Í mars 2017 höfðu einungis 12.500 verk verið skráð í gagnagrunn þýsku Einkaleyfa- og vörumerkjastofnunarinnar vegna þessa verkefnis. Söfn sem nota verk á grundvelli samningsins þurfa að upplýsa réttthafasamtökin um fjölda heimsókna á netinu á viðkomandi verk. Réttthafar sem ekki eru félagar í réttthafasamtökunum geta andmælt því að verk þeirra falli undir samninginn, annað hvort innan 6 vikna frá því að verkið er sett í gagnagrunn þýsku Einkaleyfa- og vörumerkjastofnunarinnar eða hvenær sem er eftir það tímamark. Í apríl 2017 höfðu einungis fjórir aðilar notfært sér andmælarétt sinn.³⁹

Frakkland

Í Frakklandi voru sett lög árið 2012 um stafræn not bóka sem ekki eru lengur söluvara á markaði⁴⁰ sem var ætlað að auka stafrænt aðgengi að frönskum bókum. Þau skuldbundu franska landsbókasafnið að búa til gagnagrunn með upplýsingum um allar bækur útgefnar í Frakklandi fyrir árið 2001 sem ekki væru lengur í prenti eða þegar aðgengilegar á stafrænu formi. Áætlað var að gagnagrunnurinn myndi að lokum ná til um 500.000 bóka.

³⁷ Samningurinn heitir á þýsku „Rahmenvertrag zur Nutzung von vergriffenen Werken in Büchern“ og er aðgengilegur á heimasíðu þýska landsbókasafnsins, sjá https://www.bibliothekerverband.de/fileadmin/user_upload/DBV/vereinbarungen/2015_01_RV_vergriffene_Werke.pdf

³⁸ Eingreiðslan er fyrir hvert verk. Þannig eru greiddar 5 evrur fyrir verk sem gefin eru út fyrir 1920, 10 evrur fyrir verk sem gefin eru út á tímabilinu 1921-1945 og 20 evrur fyrir verk sem gefin eru út á tímabilinu 1946-1965, sjá 7. gr. rammasamningsins.

³⁹ Sjá umfjöllun um þýsku lögin um aðgang að prentmáli sem ekki er lengur söluvara á markaði í ritinu „European Libraries and the Internet: Copyright and Extended Collective Licences“ eftir Rán Tryggvadóttur, Intersentia 2018, bls. 263-266.

⁴⁰ Loi n° 2012-287 du 1er mars 2012 relative à l'exploitation numérique des livres indisponibles du XXe siècle.

Lögin gerðu ráð fyrir að franska menningarmálaráðuneytið myndi veita réttthafasamtökum, sem væru í fyrirsvari fyrir bæði höfunda og útgefendur,⁴¹ heimild til að gefa út leyfi til að nota verk sem væru í grunninum og hefðu verið þar í 6 mánuði án þess að réttthafar hefðu andmælt. Réttthafasamtökunum var fyrst gert að bjóða upphaflegum útgefenda bókanna 10 ára leyfi til að gefa bókina út á rafrænu formi, nema að höfundurinn mótmælti og sýndi fram á að útgefandinn hefði ekki lengur útgáfurétt á viðkomandi bók. Ef útgefandinn afþakkaði leyfið þá máttu réttthafasamtökin veita hverjum sem áhuga hefði leyfi til að gefa bókina út rafrænt, en leyfin væru háð endurgjaldi til réttthafa.⁴² Lögin gerðu ráð fyrir að bæði höfundar og útgefendur gætu mótmælt því að verk sem væru réttthafar að væru sett í gagnagrunninn og/eða nýtt á grundvelli leyfa frá réttthafasamtökunum. Andmælarétturinn skv. lögnum var frekar flókinn og þótti halla á höfunda í þeim efnum. Þrátt fyrir það var hann óspart notaður og um 10% verkanna voru tekin úr gagnagrunninum vegna andmæla. Mest voru um 100.000 verk í grunninum.

Þessi lög voru mjög umdeild í Frakklandi frá upphafi. Svo fór að rithöfundar fóru í mál við franska ríkið og kröfðust þess að lögin yrðu dæmd ógild. Málið fór alla leið til hæstaréttar Frakklands sem leitaði álits Evrópudómstólsins um hvort lögin samræmdust höfundaréttarlöggjöf ESB. Niðurstaða Evrópudómstólsins var að svo væri ekki.⁴³ Niðurstaðan byggðist á því að réttthafasamtökin hefðu ekki sýnt fram á að þau hefðu heimild allra viðkomandi réttthafa til að leyfa notkun verka sem væru að finna í gagnagrunninum. Lögin stæðust því ekki löggjöf ESB á sviði höfundaréttar því ekki væri heimilt að setja slíkar takmarkanir á einkarétt höfunda skv. tilskipun ESB 2001/29.⁴⁴ Lögin hafa því verið afnumin.⁴⁵

Nýlegar breytingar á höfundalöggjöf ESB til að stuðla að auknu stafrænu aðgengi að menningararfnum

Innan ESB hefur verið í gangi endurskoðun höfundaréttarlöggjafar, sem hefur það að markmiði að laga höfundaréttinn enn frekar að stafrænu umhverfi. Framkvæmdastjórn ESB lagði í september 2016 fram frumvarp að tilskipun um höfundarétt á hinum stafræna innri markaði⁴⁶ þar sem lagðar eru til víðtækar breytingar á höfundarétti, margar hverjar umdeildar. Í frumvarpinu var að finna tillögur að ákvæðum sem eiga að hvetja til þess að menningararfurinn sem er að finna í evrópskum söfnum verði gerður aðgengilegur á netinu.

⁴¹ Réttthafasamtökin „Société française des intérêts des auteurs de l'écrit ('SOFIA')“ voru viðurkennd af ráðuneytinu í mars 2013 til að veita umrædd leyfi. Þau voru í fyrirsvari fyrir um 85% allra réttthafa útgefinna bóka í Frakklandi.

⁴² Réttthafasamtökin SOFIA samþykktu á aðalfundi sínum í júní 2014 að endurgjald yrði 15-20% af söluverðmæti bóka sem gefnar yrðu út á grundvelli leyfa skv. lögnum.

⁴³ Case C-301/15: Judgment of the Court (Third Chamber) of 16 November 2016 (request for a preliminary ruling from the Conseil d'État — France) — Marc Soulier, Sara Doke v Premier ministre, Ministre de la Culture et de la Communication.

⁴⁴ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB frá 22. maí 2001 um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu. Tilskipunin fellur undir EES samninginn og hefur verið innleidd hér á landi, sbr. lög nr. 9/2009 um breyting á höfundalögum, nr. 73/1972, með síðari breytingum (EES reglur).

⁴⁵ Sjá umfjöllun um frönsku lögin um stafræn not bóka sem ekki er lengur söluvara á markaði í ritinu „European Libraries and the Internet: Copyright and Extended Collective Licences“ eftir Rán Tryggvadóttur, Intersentia 2018, bls. 250-255.

⁴⁶ COM(2016) 593 final, *Proposal for a Directive of the European Parliament and of the Council on copyright in the Digital Single Market*, (14 September 2016).

Frumvarpið var samþykkt sem tilskipun 2019/790 um höfundarétt í hinum stafræna innri markaði 17. apríl 2019.

Lausnin sem nú hefur verið samþykkt byggir að stórum hluta á norrænu lausninni, þ.e. að byggt verði á samningskvöðum til að auka aðgengi að menningararfinnum. Samkvæmt 8. gr. tilskipunarinnar er aðildarríkjum skylt að kveða á um að þegar rétthafasamtök semja um not menningarstofna á verkum sem eru í safnkosti þeirra og sem ekki eru lengur fáanleg á almennum markaði (e. out-of-commerce) og notin eru ekki í ágóðaskyni og útiloka ekki samninga um not annarra á sömu verkum (e. non-exclusive licence) þá megi slíkir samningar binda rétthafa sem ekki eru félagar í viðkomandi rétthafasamtökum, annað hvort á grundvelli samningskvaðar eða á grundvelli ætlaðs umbóðs⁴⁷ að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Þau skilyrði eru að viðkomandi rétthafasamtök séu í fyrirsvari fyrir verulegum hluta höfunda verka á viðkomandi sviði, að jafnræðis sé gætt á milli rétthafa og að allir rétthafar geti bannað not undir slíkum samningi.

Ef ekki eru fyrir hendi rétthafasamtök sem eru í forsvari fyrir þeim rétthöfum sem safnkostur viðkomandi menningarstofnunar tekur til skulu aðildarríki lögfasta undanþágu til handa þeim menningarstofnunum um not slíkra verka sem eru ekki lengur fáanleg á almennum markaði, sbr. 2. og 3. mgr. 8. gr. Þá kveður 9. gr. tilskipunarinnar á um að slíkur samningur geti heimilað menningarstofnunum í öðrum aðildarríkjum sömu not. Ákvæði eru um gagnsæi slíkra samninga og upplýsingaskyldu vegna þeirra í 10. gr. tilskipunarinnar.

Með tilskipuninni er ljóst að norrænir samningskvaðasamningar fyrir t.d. bókasöfn verða í fullu samræmi við evrópska löggjöf og jafnframt að þeir geta heimilað not sem fara út fyrir landfræðileg mörk hvers lands. Um slíkt hefur ríkt einhver efi.

Niðurstaða

Ljóst er að gæta þarf að ýmsu þegar samið er við rétthafa um mögulegt aðgengi að stafrænum endurgerðum á höfundréttarvörðum verkum.

Að athuguðu máli var það niðurstaða starfshópsins að leggja til að skipaður yrði starfshópur með aðkomu viðeigandi hagsmunaaðila, þ.e. Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og viðeigandi rétthafasamtaka, þ.e. Fjölís og aðildarfélaga þess og mennta- og menningarráðuneytis, sem hefði það hlutverk að koma með tillögu að samningi um not bóka sem eru enn í höfundarétti og veita ætti aðgang að með stafrænni endurgerð. Í slíkri tillögu að samningi yrði nákvæmlega tilgreint við hvaða verk væri miðað, frá hvaða tímabili, hvaða not yrðu heimiluð og hvar, og loks gerð tillaga að sanngjörnu endurgjaldi til rétthafa fyrir slík not.

Kostnaðar-, verk- og tímaáætlun

Í þingsályktuninni er lagt til að „Starfshópurinn geri grein fyrir kostnaði og möguleikum á að ljúka stafrænni endurgerð íslensks prentmáls á a) 5 árum, b) 10 árum og c) 15 árum.“⁴⁸

Mat á grunnkostnað, þ.e. stofn- og vinnslukostnaði á framkvæmdatíma verkefnisins og rekstrarkostnaði að honum loknum, var sett fram í kaflanum hér að ofan um áætlun kostnaðar. Hér í þessum kafla er gert grein fyrir tillögu um framkvæmdatíma verkefnisins á grundvelli forsenda, sem ráða miklu um kostnað við framkvæmd verkefnisins í heild, en rekstrarkostnaður þess til framtíðar verður hinn sami hvaða ákvörðun sem tekin verður um vinnslutíma.

⁴⁷ Þýska leiðin, sjá umfjöllun hér að ofan í þessum kafla.

⁴⁸ Þingskjal 306 – 219. mál, 148. löggjafarþing 2017-2018, dags. 20. febrúar 2018.

Almennar forsendur

Áætlaður fjöldi blaðsíðna til myndunar er 9,3 milljónir (frá 1850–2015).

Ef verkið væri unnið með einni myndavél og myndað í tólf klukkustundir á dag, 200 myndir á klukkustund, þá yrðu til 2.400 blaðsíðumyndir á hverjum vinnudegi. Í einum mánuði eru 21,64 vinnudagar og þá yrðu til tæplega 52 þúsund myndir á mánuði og rúmlega 520 þúsund myndir á ári. Miðað við þann vinnuhraða tæki næstum 18 ár að mynda 9,3 milljónir blaðsíðna.

Ef unnið væri með fleiri myndavélum mundi þessi verktími breytast sem hér segir (sjá töflu nr. 8):

Fjöldi myndavéla	Fjöldi mynda á klst.	Klst. á dag	Samtals á dag	Fjöldi mynda á mánuði	Fjöldi mynda á ári	Verktími - ár	Heildarmagn
1	200	12	2.400	52.008	520.080	17,9	9.300.000
2	200	12	4.800	104.016	1.040.160	8,9	9.300.000
3	200	12	7.200	156.024	1.560.240	6,0	9.300.000
4	200	12	9.600	208.032	2.080.320	4,5	9.300.000

Tafla nr. 8.

Með tveimur myndavélum væri því hægt að vinna verkið á tæplega níu árum, með þremur myndavélum væri hægt að vinna verkið á sex árum, og með fjórum vélum í notkun samtímis væri hægt að vinna verkið á innan við fimm árum.

Samkvæmt reynslu Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns af fyrri verkefnum við stafræna endurgerð bóka (frá því fyrir 1850) þarf tvo starfsmenn til að fullnýta eina myndavél sem best, þannig að annar starfsmaðurinn sé við myndatöku og hinn við skráningu, yfirferð og frágang. Fjöldi myndavéla í notkun ræður því miklu um árlegan kostnað á vinnslutímabilinu sem verður valið. Heildarfjöldi ársverka vegna vinnu við vélarnar yrði hins vegar ætíð hinn sami samanlagt yfir vinnslutímabilið, hvaða verktími sem yrði valinn, þ.e. 36 ársverk (2 x 18).

Eins og fram kom í kaflanum hér að ofan um áætlun kostnaðar, er líftími stafrænna myndavéla og viðeigandi forrita almennt talinn vera um 7–8 ár. Verði ákveðið að vinna verkefnið með 3–4 myndavélum yrði vinnslu þess lokið innan þess líftíma, en verði ákveðið að vinna verkefnið með 1–2 myndavélum má vænta þess að stofnkostnaður vegna myndavéla og viðeigandi tölvubúnaðar tvöfaldist innan vinnslutíma verkefnisins.

Ákveða þarf mögulega forgangs röðun þess efnis sem verði tekið til stafrænnar endurgerðar, þ.e. í hvaða röð efnið verður tekið til vinnslu. Sú ákvörðun hefur ekki áhrif á vinnslukostnað, en kann að hafa áhrif á hversu hratt greiðslur vegna afnota af höfundarétti koma inn í ferlið. Einfaldasta röðunin væri væntanlega að byrja fyrst á elstu verkunum, og færa það síðan í stafrænt form í réttu tímaröð, áratug eftir áratug.

Kostnaðar- og tímaáætlun framkvæmdar

Rétt er að gera grein fyrir áætluðum kostnaði við framkvæmd verkefnisins. Í reiknuðum dæmum er miðað við mismunandi fjölda myndavéla, vinnslutíma, stofnkostnað og fjölda starfsmanna, og að greiðslur fyrir afnot höfundaréttar vaxi á vinnslutímanum í réttu hlutfalli við vinnsluhraðann (sem ræðst af afköstum myndavéla). Tölur með reiknuðum dæmum eru í fylgiskjali nr. 1.

Á þessum töflum er álíka kostnaður fölginn í því að vinna með þremur og fjórum vinnslustöðvum á annars vegar fimm og hins vegar sex árum, (dæmi A og B), en kostnaður dreifist eðli málsins samkvæmt yfir lengri tíma í dæmi B.

Það reynist dýrara að vinna verkið með tveimur vinnslustöðvum á níu árum (dæmi C) enda þarf þá að endurnýja stofnkostnað einu sinni, en dýrast að vinna það með einungis einni vinnslustöð á lengstum tíma, þ.e. átján árum (dæmi D), enda þyrfti þá að endurnýja tækjakost og annan stofnkostnað tvisvar á vinnslutímanum.

Við greiningu þess viðfangsefnis hefur verið litið til hagkvæmi tímaáætlunar fremur en þeirra tímamarka sem tilgreind eru í þingsályktuninni. Niðurstaða starfshópsins er því sú að hagkvæmast væri að fylgja þeirri tillögu um vinnslutíma sem felst í dæmi B í fylgiskjali nr. 1, þ.e. að hin stafræna endurgerð verði unnin á sex árum, með þremur vinnslustöðvum á tveimur stöðum á landinu. Þá telur hópurinn rétt að miða við að áætlaðar greiðslur vegna afnota af höfundarétti aukist jafnt yfir vinnslutímann. Sé reiknað með að árlegar greiðslur fyrir afnot af höfundarétti verði meðaltal þess sem áætlað er í kaflanum hér að ofan um áætlun kostnaðar og vaxi jafnt yfir vinnslutímann þar til slíkar greiðslur verða komnar af fullum þunga inn í reksturinn að hinni stafrænu endurgerð lokinni, gæti kostnaður við framkvæmd verkefnisins orðið sem hér segir (sjá töflu):

Tímabil	Kostnaðarliður	Kostnaður	Samtals
Upphaf - ár 1	Tækjabúnaður	46.250.000	
	Launakostnaður	84.700.000	
	Langtímavarðveisla	8.350.000	139.300.000
Vinnsla - ár 2	Launakostnaður	84.700.000	
	Langtímavarðveisla	8.350.000	
	Afnot höfundaréttar	5.500.000	98.550.000
Vinnsla - ár 3	Launakostnaður	84.700.000	
	Langtímavarðveisla	8.350.000	
	Afnot höfundaréttar	11.000.000	104.050.000
Vinnsla - ár 4	Launakostnaður	84.700.000	
	Langtímavarðveisla	8.350.000	
	Afnot höfundaréttar	16.500.000	109.550.000
Vinnsla - ár 5	Launakostnaður	84.700.000	
	Langtímavarðveisla	8.350.000	
	Afnot höfundaréttar	22.000.000	115.050.000
Vinnsla - ár 6	Launakostnaður	84.700.000	
	Langtímavarðveisla	8.350.000	
	Afnot höfundaréttar	27.500.000	120.550.000
			687.050.000

Tafla nr. 9.

Samkvæmt þessari samantekt mun heildarkostnaður við framkvæmd verkefnisins á vinnslutímanum verða tæplega 690 m.kr. miðað við gefnar forsendur, þ.e. þrjár vinnslustöðvar á tveimur stöðum á landinu, sex ára vinnslutíma og rekstrarkostnað sem m.a. mundi fela í sér vaxandi greiðslur fyrir afnot höfundaréttarvarins efnis, sem verður fært í stafrænt form og gert aðgengilegt.

Áætlun rekstrarkostnaðar til framtíðar

Eins og áður er komið fram tekur við rekstur til framtíðar á aðgangi að hinu stafræna efni þegar framkvæmdaþætti þess verður lokið. Af þeim rekstri verður árlegur kostnaður, eins og áður hefur verið nefnt, sem má ætla að verði sem hér segir, miðað við forsendur sem þegar hafa verið tilgreindar (sjá töflu):

Kostnaðarliður	Kostnaður
Langtímavarðveisla	8.350.000
Afnót höfundaréttar	33.000.000
Árlegur rekstrarkostn.	41.350.000

Tafla nr. 10.

Lokaorð starfshópsins og fyrirvarar

Hópurinn hefur unnið að greiningu verkefnisins og aflað sér fanga víða við vinnu sína, eins og fram kemur í heimildaskrá. Farið hefur verið yfir ýmis fyrirliggjandi gögn um vinnu við verkefni af þessu tagi, bæði hérlendis og erlendis, farið hefur verið yfir kostnaðarhugmyndir o.fl., og í kjölfarið verið mótuð sú tillaga um framkvæmd verkefnisins, sem fram kemur í síðasta kafla um kostnaðar-, verk- og tímaáætlun.

Við þá tillögu setti starfshópurinn ákveðna fyrirvara:

Í nefndaráli allsherjar- og menntamálnefndar⁴⁹ kom m.a. fram að tryggja þyrfti að stafræn endurgerð yrði frá upphafi aðgengileg fyrir prentleturshamlaða einstaklinga. Auk þess var fjallað um mikilvægi þess að hægt yrði að nýta textana til rannsókna og eflingar íslenskrar tungu, þar sem stór textasöfn væru afar mikilvæg verkfæri í mörgum greinum hugvísinda, sem og í félagsvísindum og tæknigreinum þegar unnið væri með tungumál, þ.e. í greinum sem tengjast máltækni. Nefndin taldi því mikilvægt að við skipan starfshópsins þyrfti ráðuneytið að tryggja aðkomu ýmissa hagsmunaaðila að undirbúningi málsins, og var sérstaklega vísað til aðila sem gætu haft hagsmuni einstaklinga með prentleturshamlanir, rannsóknarhagsmuni og hagsmuni rétthafa að leiðarljósi.

Fulltrúar þessara og annarra hagsmunaaðila voru ekki skipaðir í starfshópinn. Vegna þess þrönga tímaramma sem starfi hópsins var markaður efndi hópurinn ekki að eigin frumkvæði til samráðs við slíka aðila, og telur því mikilvægt að ráðuneytið leiti samráðs við sem flesta hagsmunaaðila til að kynna þá tillögu sem hópurinn hefur lagt fram, og óska eftir ábendingum um það sem betur megi fara í tillögu hópsins. Þá er nauðsynlegt að skipaður verði annar starfshópur, sbr. tillögur í kafla um höfundarétt og samninga við rétthafa, sem legði fram nákvæmar tillögur um hvaða not yrðu heimiluð af verkum í höfundarétti og hvert endurgjald yrði fyrir þau not.

Einnig er rétt að benda á að í fyrirliggjandi mati á kostnaði við stafræna endurgerð bóka á íslensku hefur ekki verið metinn mögulegur kostnaður við tæknilausnir sem þarf til að tryggja aðgengi fyrir prentleturshamlaða einstaklinga, nýtingu textanna til rannsókna o.fl. – þ.e. kostnaður umfram kostnað við beina stafræna endurgerð og mögulegar greiðslur til rétthafa hefur ekki verið metinn. Nánari greining á hver slíkur kostnaður kann að verða kann því að hækka mat á heildarkostnaði við framkvæmd verkefnisins.

⁴⁹ Þingskjal 1061 – 219. mál, 148. löggjafarþing 2017-2018, dags. 31. maí 2018.

Lokaorð

Eins og fram kemur í upphafi þessarar skýrslu ráðherra er ætlun ráðherra að fylgja eftir ofangreindum tillögum starfshópsins um að hin stafræna endurgerð verði unnin á sex árum, með þremur vinnslustöðvum á tveimur stöðum á landinu. Í ljósi skýrslu starfshópsins og fyrirvara þeirra sem starfshópurinn setti fram í lok sinnar skýrslu er ljóst að fyrsta skref að því marki verður að vera skipun starfshóps með aðkomu viðeigandi hagsmunaaðila sem vinna munu að tillögu að samningi um not og veita ætti aðgang að með stafrænni endurgerð innan þess ramma sem greint er í skýrslu starfshópsins og gert er nánar grein fyrir í þessari skýrslu ráðherra. Í þeim starfshópi verða a.m.k. fulltrúar rétthafa efnisins, þ.e. höfunda texta og myndefnis í bókum, bókaútfendur, þeirra stofnanna sem varðveita íslenskt útgefið efni sem og aðilar sem gæta hagsmuna einstaklinga með prentleturshamlanir og einnig þeirra aðila sem vinna að texta- og gagnanámi til rannsókna og eflingar íslenskrar tungu.

Með þessari áætlun er unnið að því að koma þessu metnaðarfullu verkefni að gera íslenskar bækur sem ekki eru lengur á almennum markaði aðgengilegar almenningi á netinu.

Heimildaskrá

Alþingi, *Frumvarp til laga um breyting á höfundalögum, nr. 73/1972, með síðari breytingum (endurskoðun höfundalaga, einkaréttindi höfunda og samningskvaðir)*, þingskjal 400 – 333. mál, 145. löggjafarþing 2015-2016.

Alþingi, *Nefndarálit frá allsherjar- og menntamálanefnd um tillögu til þingsályktunar um gerð áætlunar um stafræna endurgerð íslensks prentmáls*, þingskjal 1061 – 219. mál, 148. löggjafarþing 2017-2018, dags. 31. maí 2018.

Alþingi, *Tillaga til þingsályktunar um gerð áætlunar um stafræna endurgerð íslensks prentmáls*, þingskjal 306 – 219. mál, 148. löggjafarþing 2017-2018, dags. 20. febrúar 2018.

Auglýsing nr. 315/1998 um breytingu á samþykktum Fjölís nr. 494/1985.

Australian Government Productivity Commission, *Report No. 78, Intellectual Property Arrangements*, Canberra 2016.

Evrópudómstóllinn: Case C-301/15: Judgment of the Court (Third Chamber) of 16 November 2016 (request for a preliminary ruling from the Conseil d'État — France) — Marc Soulier, Sara Doke v Premier ministre, Ministre de la Culture et de la Communication.

Frankvæmdastjórn Evrópusambandsins, COM(2016) 593 final, *Proposal for a Directive of the European Parliament and of the Council on copyright in the Digital Single Market*, (14 September 2016).

Frönsk lög um aðgengi að prentmáli sem ekki eru lengur á markaði: *Loi n° 2012-287 du 1er mars 2012 relative à l'exploitation numérique des livres indisponibles du XXe siècle*.

Höfundarlög nr. 73/1972.

Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, *Minnisblað um kostnaðaráætlun um opinn aðgang að prentarfinum 1850-2015*, Reykjavík, dags. 6. nóvember 2018.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, *Menningarstefna*, Reykjavík 2013.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, *Skýrsla samráðsnefndar um framtíð íslenskrar bókaútgáfu*, Reykjavík 2014.

Mennta- og menningarmálaráðuneytisins, *Varðveisla menningararfleifðar á stafrænu formi: Staða hjá söfnum og menningarstofnunum landsins*, Reykjavík 2017.

Norsk höfundalög (Lov om opphavsrett til åndsverk mv. – 2018-06-15-40).

Norski „Bokhylla samningurinn“: *Avtale om digital formidling av bøker (Bokhylla)*, Oslo 2012, sótt af <https://www.kopinor.no/avtaletekster/bokhylla-avtalen> og viðbót við hann, *Tilleggsavtale til Bokhylla-avtalen (tidsskrifter)*, Oslo 2018, sótt af <https://www.kopinor.no/avtaletekster/tilleggsavtale-til-bokhylla-avtalen-tidsskrifter>.

Rán Tryggvadóttir, *European Libraries and the Internet: Copyright and Extended Collective Licences*, Intersentia 2018.

Regína Eiríksdóttir, „Alþjóðlega bóknúmerakerfið á Íslandi“ *Árbók XVII* (1991), bls. 88–95.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB frá 22. maí 2001 um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu.

Þýsk lög laga umsýslustofnanir höfundaréttar (Verwertungsgesellschaftengesetz vom 24. Mai 2016 (BGBl. I S. 1190)).

Þýskur samningur um aðgengi að prentmáli sem ekki er lengur á markaði: *Rahmenvertrag zur Nutzung von vergriffenen Werken in Büchern*, sóttur af https://www.bibliotheksverband.de/fileadmin/user_upload/DBV/vereinbarungen/2015_01_R_V_vergriffene_Werke.pdf.

Fylgiskjal nr. 1**Samanburður á heildarkostnaði við framkvæmd stafrænnar endurgerðar íslensks prentmáls**

Almennar forsendur:

- Gerð verði stafræn endurgerð af alls 9,3 milljónir blaðsíðna úr bókum frá tímabilinu 1850-2015.
- Fækkun blaðsíðna – þ.e. takmörkun tímabils með öðrum hætti en 1850-2015 - mundi breyta öllum dæmum hér að neðan í samræmi við þann blaðsíðufjölda sem ákveðið yrði að færa í stafrænt form.
- Allar kostnaðartölur eru miðaðar við verðlag og launakostnað í nóvember 2018.
- Árlegur heildarkostnaður vegna afnota höfundaréttar er áætlaður 33 m.kr. eftir að stafvæðingu er lokið, og kæmi hlutfallslega inn í dæmið frá 2. ári vinnslu.

Sértækar forsendur:

- Fjöldi vinnlustöðva er mismunandi eftir valkostum, og fjöldi starfsmanna yrði mismunandi í samræmi við fjölda vinnlustöðva.
- Vinna færi fram í Reykjavík og á Akureyri í dæmum A, B og C, en aðeins í Reykjavík í dæmi D.
- Stofnkostnaður yrði endurtekinn miðað við líftíma myndavéla, tölva og forrita (þ.e. á 7 ára fresti yfir vinnslutímamann).

Dæmi A: Fimm ára framkvæmdatími – fjórar vinnlustöðvar:

Tímabil	Kostnaðarliður	Kostnaður	Samtals
Upphaf - ár 1	Stofnkostnaður	57.520.000	
	Launakostnaður	100.300.000	
	Langtímavarðveisla	8.350.000	166.170.000
Vinnsla - ár 2	Launakostnaður	100.300.000	
	Langtímavarðveisla	8.350.000	
	Afnot höfundaréttar	8.250.000	116.900.000
Vinnsla - ár 3	Launakostnaður	100.300.000	
	Langtímavarðveisla	8.350.000	
	Afnot höfundaréttar	16.500.000	125.150.000
Vinnsla - ár 4	Launakostnaður	100.300.000	
	Langtímavarðveisla	8.350.000	
	Afnot höfundaréttar	24.750.000	133.400.000
Vinnsla - ár 5	Launakostnaður	100.300.000	
	Langtímavarðveisla	8.350.000	
	Afnot höfundaréttar	33.000.000	141.650.000
Samtals:			683.270.000

Tækjabúnaður	Einingar	Tegund	Kostn. á einingu	Samtals
Kaup á myndavél	4	Myndavélar	10.900.000	43.600.000
Tölvur				
- Myndun	6	Tölvur	370.000	2.220.000
- Úrvinnsla	1	Tölvur/þjónar	1.350.000	1.350.000
Gagnastæða	1	3PAR	1.000.000	1.000.000
Uppsetning netbúnaðar	1	Netsamband	600.000	600.000
Netbúnaður	1	Tölvu- og tækjabúnaður	5.100.000	5.100.000
Leyfi fyrir forrit	1	Forrit / OCR	2.800.000	2.800.000
Harðir diskar	1	Skýjageymsla	850.000	850.000
Stofnkostnaður samtals:				57.520.000

Starfsmannahald	Einingar	Tegund	Kostn. á einingu	Samtals
- Myndun	8	Ársverk	7.800.000	62.400.000
- Verkstjórn	2	Ársverk	8.700.000	17.400.000
- Upplýsingatækni	0,5	Ársverk	12.400.000	6.200.000
- Bókasafnsfræðingur	1	Ársverk	9.300.000	9.300.000
- Ýmislegt	0,5	Ársverk	10.000.000	5.000.000
Árl. launakostn. samtals:	12			100.300.000

Dæmi B: Sex ára framkvæmdatími – þrjár vinnslustöðvar:

Tímabil	Kostnaðarliður	Kostnaður	Samtals
Upphaf - ár 1	Stofnkostnaður	46.250.000	
	Launakostnaður	84.700.000	
	Langtímavarðveisla	8.350.000	139.300.000
Vinnsla - ár 2	Launakostnaður	84.700.000	
	Langtímavarðveisla	8.350.000	
	Afnot höfundaréttar	5.500.000	98.550.000
Vinnsla - ár 3	Launakostnaður	84.700.000	
	Langtímavarðveisla	8.350.000	
	Afnot höfundaréttar	11.000.000	104.050.000
Vinnsla - ár 4	Launakostnaður	84.700.000	
	Langtímavarðveisla	8.350.000	
	Afnot höfundaréttar	16.500.000	109.550.000
Vinnsla - ár 5	Launakostnaður	84.700.000	
	Langtímavarðveisla	8.350.000	
	Afnot höfundaréttar	22.000.000	115.050.000
Vinnsla - ár 6	Launakostnaður	84.700.000	
	Langtímavarðveisla	8.350.000	
	Afnot höfundaréttar	27.500.000	120.550.000
Samtals:			687.050.000

Tækjabúnaður	Einingar	Tegund	Kostn. á einingu	Samtals
Kaup á myndavél	3	Myndavélar	10.900.000	32.700.000
Tölvur				
- Myndun	5	Tölvur	370.000	1.850.000
- Úrvinnsla	1	Tölvur/þjónar	1.350.000	1.350.000
Gagnastæða	1	3PAR	1.000.000	1.000.000
Uppsetning netbúnaðar	1	Netsamband	600.000	600.000
Netbúnaður	1	Tölvu- og tækjabúnaður	5.100.000	5.100.000
Leyfi fyrir forrit	1	Forrit / OCR	2.800.000	2.800.000
Harðir diskar	1	Skýjageymsla	850.000	850.000
Stofnkostnaður samtals:				46.250.000

Starfsmannahald	Einingar	Tegund	Kostn. á einingu	Samtals
- Myndun	6	Ársverk	7.800.000	46.800.000
- Verkstjórn	2	Ársverk	8.700.000	17.400.000
- Upplýsingatækni	0,5	Ársverk	12.400.000	6.200.000
- Bókasafnsfræðingur	1	Ársverk	9.300.000	9.300.000
- Ýmislegt	0,5	Ársverk	10.000.000	5.000.000
Árl. launakostn. samtals:	10			84.700.000

Dæmi C: Níu ára framkvæmdatími – tvær vinnslustöðvar:

Tímabil	Kostnaðarliður	Kostnaður	Samtals
Upphaf - ár 1	Stofnkostnaður	34.980.000	
	Launakostnaður	60.400.000	
	Langtímavarðveisla	8.350.000	103.730.000
Vinnsla - ár 2	Launakostnaður	60.400.000	
	Langtímavarðveisla	8.350.000	
	Afnót höfundaréttar	3.650.000	72.400.000
Vinnsla - ár 3	Launakostnaður	60.400.000	
	Langtímavarðveisla	8.350.000	
	Afnót höfundaréttar	7.300.000	76.050.000
Vinnsla - ár 4	Launakostnaður	60.400.000	
	Langtímavarðveisla	8.350.000	
	Afnót höfundaréttar	10.950.000	79.700.000
Vinnsla - ár 5	Launakostnaður	60.400.000	
	Langtímavarðveisla	8.350.000	
	Afnót höfundaréttar	14.600.000	83.350.000
Vinnsla - ár 6	Launakostnaður	60.400.000	
	Langtímavarðveisla	8.350.000	
	Afnót höfundaréttar	18.250.000	87.000.000
Vinnsla - ár 7	Endurnýjun stofnkostn.	34.980.000	
	Launakostnaður	60.400.000	
	Langtímavarðveisla	8.350.000	
	Afnót höfundaréttar	21.900.000	125.630.000
Vinnsla - ár 8	Launakostnaður	60.400.000	
	Langtímavarðveisla	8.350.000	
	Afnót höfundaréttar	25.550.000	94.300.000
Vinnsla - ár 9	Launakostnaður	60.400.000	
	Langtímavarðveisla	8.350.000	
	Afnót höfundaréttar	29.200.000	97.950.000
Samtals:			820.110.000

Tækjabúnaður	Einingar	Tegund	Kostn. á einingu	Samtals
Kaup á myndavél	2	Myndavélar	10.900.000	21.800.000
Tölvur				
- Myndun	4	Tölvur	370.000	1.480.000
- Úrvinnsla	1	Tölvur/þjónar	1.350.000	1.350.000
Gagnastæða	1	3PAR	1.000.000	1.000.000
Uppsetning netbúnaðar	1	Netsamband	600.000	600.000
Netbúnaður	1	Tölvu- og tækjabúnaður	5.100.000	5.100.000
Leyfi fyrir forrit	1	Forrit / OCR	2.800.000	2.800.000
Harðir diskar	1	Skýjageymsla	850.000	850.000
Stofnkostnaður samtals:				34.980.000

Starfsmannahald	Einingar	Tegund	Kostn. á einingu	Samtals
- Myndun	4	Ársverk	7.800.000	31.200.000
- Verkstjórn	1	Ársverk	8.700.000	8.700.000
- Upplýsingatækni	0,5	Ársverk	12.400.000	6.200.000
- Bókasafnsfræðingur	1	Ársverk	9.300.000	9.300.000
- Ýmislegt	0,5	Ársverk	10.000.000	5.000.000
Árl. launakostn. samtals:	7			60.400.000

Dæmi D: Átján ára framkvæmdatími – ein vinnslustöð:

Tímabil	Kostnaðarliður	Kostnaður	Samtals
Upphaf - ár 1	Stofnkostnaður	22.740.000	
	Launakostnaður	36.100.000	
	Langtímaráveisla	6.550.000	65.390.000
Vinnsla - ár 2	Launakostnaður	36.100.000	
	Langtímaráveisla	6.550.000	
	Afnot höfundaréttar	1.840.000	44.490.000
Vinnsla - ár 3	Launakostnaður	36.100.000	
	Langtímaráveisla	6.550.000	
	Afnot höfundaréttar	5.520.000	48.170.000
Vinnsla - ár 4	Launakostnaður	36.100.000	
	Langtímaráveisla	6.550.000	
	Afnot höfundaréttar	7.360.000	50.010.000
Vinnsla - ár 5	Launakostnaður	36.100.000	
	Langtímaráveisla	6.550.000	
	Afnot höfundaréttar	9.200.000	51.850.000
Vinnsla - ár 6	Launakostnaður	36.100.000	
	Langtímaráveisla	6.550.000	
	Afnot höfundaréttar	11.040.000	53.690.000
Vinnsla - ár 7	Endurnýjun stofnkostn.	22.740.000	
	Launakostnaður	36.100.000	
	Langtímaráveisla	6.550.000	
	Afnot höfundaréttar	12.880.000	78.270.000
Vinnsla - ár 8	Launakostnaður	36.100.000	
	Langtímaráveisla	6.550.000	
	Afnot höfundaréttar	14.720.000	57.370.000
Vinnsla - ár 9	Launakostnaður	36.100.000	
	Langtímaráveisla	6.550.000	
	Afnot höfundaréttar	16.560.000	59.210.000
Vinnsla - ár 10	Launakostnaður	36.100.000	
	Langtímaráveisla	6.550.000	
	Afnot höfundaréttar	18.400.000	61.050.000
Vinnsla - ár 11	Launakostnaður	36.100.000	
	Langtímaráveisla	6.550.000	
	Afnot höfundaréttar	20.240.000	62.890.000
Vinnsla - ár 12	Launakostnaður	36.100.000	
	Langtímaráveisla	6.550.000	
	Afnot höfundaréttar	22.080.000	64.730.000
Vinnsla - ár 13	Launakostnaður	36.100.000	
	Langtímaráveisla	6.550.000	
	Afnot höfundaréttar	23.920.000	66.570.000
Vinnsla - ár 14	Endurnýjun stofnkostn.	22.740.000	
	Launakostnaður	36.100.000	
	Langtímaráveisla	6.550.000	
	Afnot höfundaréttar	25.760.000	68.410.000
Vinnsla - ár 15	Launakostnaður	36.100.000	
	Langtímaráveisla	6.550.000	
	Afnot höfundaréttar	27.600.000	70.250.000
Vinnsla - ár 16	Launakostnaður	36.100.000	
	Langtímaráveisla	6.550.000	
	Afnot höfundaréttar	29.440.000	72.090.000
Vinnsla - ár 17	Launakostnaður	36.100.000	
	Langtímaráveisla	6.550.000	
	Afnot höfundaréttar	31.280.000	73.930.000
Vinnsla - ár 18	Launakostnaður	36.100.000	
	Langtímaráveisla	6.550.000	
	Afnot höfundaréttar	33.000.000	75.650.000
Samtals:			1.124.020.000

Tækjabúnaður	Einingar	Tegund	Kostn. á einingu	Samtals
Kaup á myndavél	1	Myndavélar	10.900.000	10.900.000
Tölvur				
- Myndun	2	Tölvur	370.000	740.000
- Úrvinnsla	1	Tölvur/þjónar	1.350.000	1.350.000
Gagnastæða	1	3PAR	1.000.000	1.000.000
Uppsetning netbúnaðar	0	Netsamband	600.000	0
Netbúnaður	1	Tölvu- og tækjabúnaður	5.100.000	5.100.000
Leyfi fyrir forrit	1	Forrit / OCR	2.800.000	2.800.000
Harðir diskar	1	Skýjageymsla	850.000	850.000
Stofnkostnaður samtals:				22.740.000

Starfsmannahald	Einingar	Tegund	Kostn. á einingu	Samtals
- Myndun	2	Ársverk	7.800.000	15.600.000
- Verkstjórn	0	Ársverk	8.700.000	0
- Upplýsingatækni	0,5	Ársverk	12.400.000	6.200.000
- Bókasafnsfræðingur	1	Ársverk	9.300.000	9.300.000
- Ýmislegt	0,5	Ársverk	10.000.000	5.000.000
Árl. launakostn. samtals:	4			36.100.000